

Alþingi

Erindi nr. Þ 121 / 180

komudagur 26/11 1996

1

27.02.96

Vinnuhandrit.

Vinnuvernd barna og unglinga

- skýrsla til félagsmálaráðherra um aðild Íslands að
tilskipun ESB um vinnuvernd barna og ungmenna
og ákvæði alþjóðasamninga
um vinnu barna og unginga

Félagsmálaráðuneytið
febrúar 1996

Hr. félagsmálaráðherra,
Páll Pétursson,
félagsmálaráðuneyti,
Hafnarhúsi við Tryggvagötu,
150 Reykjavík.

Hinn 22. september 1995 skipuðu þér okkur undirrituð í nefnd til að vinna að undirbúningi þess að Ísland geti framfylgt tilskipun Evrópusambandsins 94/33 um vinnuvernd barna og ungmenna, en gefið íslenskum unglingum áfram möguleika til atvinnuþátttöku.

Nefndin hefur fram til þessa haldið 19 fundi. Á þessum fundum hefur hún unnið að samningu hjálagðrar skýrslu sem ber heitið: *Vinnuvernd barna og unglunga*. Í skýrslunni er gerð grein fyrir ákvæðum tilskipunar ESB um vinnuvernd barna og annarra alþjóðasáttmála sem snerta vinnu barna og unglunga.

Í skýrslunni er varpað ljósi á þátttöku barna og unglunga í íslensku atvinnulífi. Stuðst er við upplýsingar frá fjármálaráðuneyti og Embætti ríkisskattstjóra. Einnig er gerð grein fyrir helstu rannsóknum á atvinnuþátttöku þessa hóps.


Nefndin setur fram tillögur í formi frumvarpsdraga um breytingar á kafla um vinnu barna og unglunga í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hún bendir á að nauðsynlegt sé að taka upp í lögina meginreglur sem tilskipun Evrópusambandsins um vinnuvernd barna mælir fyrir um. Á þann hátt skapist forsendur til að heimila að það svigrúm verði nýtt sem felst í tilskipuninni til að leyfa unglingum hóflega atvinnuþátttöku.


Nefndin er sammála um að leggja til að skýrslan og drög að frumvarpi um breytingar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verði kynnt opinberlega, t.d. á fundi atvinnuþátttöku barna og unglunga, sem umboðsmaður barna hefur lagt til að verði haldinn í lok þessa mánaðar. Hún er reiðubúinn að koma saman að afloknum þeim fundi og fara yfir frumvarpsdrögin með hliðsjón af ábendingum og athugasemdum sem fram koma á framangreindum fundi. Í framhaldi af því verði tekin ákvörðun um frekari framvindu þessa málefnis.

Reykjavík, 22. febrúar 1996


Gylfi Kristinsson



Guðbjörg Linda Rafnsdóttir



Guðmundur Stefánsson


Halldór Grönvold

e. u. Jóns Rúnars Pálssonar
Jóngeir Hlinason


Linda Rós Michaelsdóttir


Ólöf Sigurðardóttir


Ragnar Arnason

Efnisyfirlit.

Samantekt.	4
1. Inngangur.	6
2. Ákvæði alþjóðasamninga um vinnuvernd barna og unglunga.	7
Samþykkt ILO nr. 138 og tillaga nr. 146, um lágmarksaldur við vinnu.	7
Inngangur.	7
Gildissvið.	7
Undanþágur.	8
Eftirlit.	8
Yfirlýsing allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá 20. nóvember 1959.	8
Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá árinu 1989.	9
Samningur Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.	9
Yfirlýsing og framkvæmdaáætlun um afkomu, vernd og þróun barna frá árinu 1990.	9
Yfirlýsing þings Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn árið 1995 um þróun félagsmála.	9
Félagsmálasáttmáli Evrópu.	10
Inngangur.	10
Gildissvið 7. gr.	10
Ákvæði um lágmarksaldur.	10
Undanþágur.	11
Framkvæmd og eftirlit.	11
3. Tilskipun ESB um vinnuvernd barna og ungmenna.	12
Markmið og gildissvið.	12
Ákvæði um lágmarksaldur.	12
Takmörkun á gildissviði.	13
Undanþágur.	14
Skyldur atvinnurekenda.	14
Takmarkanir á vinnutíma.	15
Vinna unglunga í óviðráðanlegum tilvikum.	16
Ákvæði um næturvinnu.	17
Ákvæði um hvíldartíma.	18
Framkvæmd tilskipunarinnar.	19

Eftirlit með framkvæmdinni.	19
Samantekt.	19
4. Íslenskar lagareglur og ákvæði kjarasamninga.	20
Ákvæði laga og reglugerða.	20
Inngangur.	20
Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	20
Leiðbeinandi reglur Vinnueftirlitsins um vinnu barna.	20
Lög um vernd barna og ungmenna.	21
Lög um grunnskóla.	21
Ákvæði kjarasamninga.	21
Um tryggingarvernd ungmenna.	22
5. Þátttaka barna og unglunga í atvinnulífinu.	22
Inngangur.	22
Upplýsingar úr skattframtölum.	23
Vinna barna 13 ára og yngri.	26
Vinna 14 og 15 ára barna.	27
Samantekt á rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur á starfsreynslu unglunga	27
Athugun Vinnueftirlits ríkisins.	28
Vinna 16 til 17 ára unglunga.	29
6. Tillögur.	30
Breytingar á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	30
Ákvæði kjarasamninga um vinnu barna og unglunga.	31
Aðrar ábendingar.	32
Fylgiskjöl.	33
I. Tilskipun ESB um vinnuvernd barna og ungmenna.	33
II. Tillaga að frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	43
III. Útdráttur úr könnun Guðbjargar Vilhjálmsdóttur á starfsreynslu unglunga	50

Samantekt.

Þessi skýrsla er samin af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 22. september 1995. Verkefni hennar samkvæmt skipunarbréfi er að vinna að undirbúningi þess að Ísland geti framfylgt tilskipun Evrópusambandsins 94/33 um vinnuvernd barna og ungmenna en gefið íslenskum unglingum áfram möguleika til atvinnuþátttöku.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir ákvæðum tilskipunar ESB um vinnuvernd barna og annarra alþjóðasáttmála sem snerta vinnu barna og unglunga.

Tilskipun ESB gildir um einstaklinga undir 18 ára aldri og felur í sér bann við vinnu barna sem eru undir 15 ára aldri eða í skyldunámi. Aðildarríki geta ákveðið að bann við vinnu nái ekki til heimilisaðstoðar á einkaheimilum eða hættulíttillar vinnu í fjölskyldufyrirtækum, sé vinnan tilfallandi eða varir í skamman tíma. Auk þess geta aðildarríki ákveðið að bannið nái ekki til léttrar vinnu barna 13 ára og eldri, vinnu barna 14 ára og eldri sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi og vinnu barna sem tengist menningar- eða listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi. Almenn er gert ráð fyrir að vinnutími barna fari ekki yfir 7-8 stundir á dag og 35-40 stundir á viku, þau fái minnst 14 stunda samfellda hvíld á sólarhring, fái tvo frídaga vikulega og vinni ekki milli kl. 20:00 og 06:00.

Vinna unglunga er heimil með þeim takmörkunum að daglegur vinnutími fari ekki yfir 8 stundir og sé ekki lengri en sem nemur 40 stundum á viku. Þeir fái minnst 12 stunda samfellda hvíld á sólarhring, fái tvo frídaga vikulega og vinni ekki milli kl. 22:00 og 06:00 eða 23:00 og 07:00. Almenn er gert ráð fyrir að unglingar njóti ríkari verndar í starfi en þeir sem eldri eru.

Fjallað er um vinnuvernd barna og unglunga með hliðstæðum hætti í öðrum alþjóðasamningum og í tilskipun ESB. Má þar helst nefna samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu og 7. gr félagsmálasáttmála Evrópu um rétt barna og ungmenna til verndar.

Í skýrslunni kemur fram að takmarkaðar reglur gilda á Íslandi um vinnuvernd barna og unglunga samanborið við tilskipun Evrópusambandsins. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum má ráða börn yngri en 14 ára til léttra, hættulíttilla starfa en börn 15 ára og yngri verða ekki ráðin til vinnu við hættulegar vélar og við hættulegar aðstæður.

Í skýrslunni er varpað ljósi á þátttöku barna og unglunga í íslensku atvinnulífi. Stuðst er við upplýsingar frá fjármálaráðuneyti og embætti ríkisskattstjóra. Einnig er gerð grein fyrir helstu rannsóknum á atvinnuþátttöku þessa hóps. Af þeim upplýsingum sem liggja fyrir má draga þær ályktanir að vinna barna undir 13 ára í leyfum frá skólanámi fari minnkandi. Hún hefur fyrst og fremst takmarkast við blaðburð og barnagæslu. Sumarvinna barna eldri en 13 ára er almenn. Í yngri aldurshópunum takmarkast hún að verulegu leyti við þátttöku í vinnuskólum sveitarfélaga. Sjaldgæft er að börn yngri en 14 ára séu ráðin til almennra starfa á vinnumarkaði.

Gildistaka tilskipunar ESB á Íslandi kallar fyrst og fremst á breytingar á X. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og setur nefndin fram tillögur um breytingar á kaflanum. Nefndin veur athygli á að tilskipun ESB nær einungis til launafólks en lögin ná til allrar starfsemi þar sem einn eða fleiri vinna. Bent er á að nauðsynlegt sé að taka upp í lögin meginreglur sem tilskipun Evrópusambandsins um vinnuvernd barna mælir fyrir um. Á þann hátt skapist

forsendur til að nýta það svigrúm sem felst í tilskipuninni til að leyfa unglingum hóflega atvinnuþátttöku.

Meðal sérstakra ábendinga nefndarinnar er athugun á því hvort Ísland geti fullgilt samþykkt Alþjóðavinnuáttáttum nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu, og undirgengist skuldbindingar samkvæmt ákvæðum í 7. gr. félagsmálasáttmála Evrópu um vernd barna og ungmenna. Einnig telur nefndin rétt að kannað verði hvort nauðsynlegt sé að breyta ákvæði sjómannaáttáttanna um lágmarksaldur við vinnu á skipum við gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna.

1. Inngangur.

Hinn 22. september 1995 skipaði félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, nefnd sem var falið að vinna að undirbúningi þess að Ísland geti framfylgt tilskipun ESB 94/33 um vinnuvernd barna og ungmenna, en gefið íslenskum unglíngum áfram möguleika til atvinnuþátttöku.

Í nefndina voru skipuð:

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, félagsfræðingur, tilnefnd af Vinnueftirliti ríkisins,
Guðmundur Stefánsson, bóndi, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands,
Halldór Grönvold, skrifstofustjóri, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands,
Jón Rúnar Pálsson, lögfræðingur, tilnefndur af Vinnumálasambandinu,
Linda Rós Michaelisdóttir, kennari, tilnefnd af menntamálaráðuneyti,
Ólöf Sigurðardóttir, sérkennari, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, og
Ragnar Arnason, lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Félagsmálaráðherra skipaði Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, formann nefndarinnar.

Nefndin hefur haldið 19 fundi. Á fyrstu fundum nefndarinnar var rætt um það með hvaða hætti hún best gæti leyst það verkefni sem henni er falið samkvæmt skipunarbréfi. Hún varð sammála um að taka saman þá skýrslu sem hér liggur fyrir.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir ákvæðum í alþjóðasamningum sem snerta vinnu barna og unglínga. Þessa greinargerð er að finna í öðrum kafla skýrslunnar. Af skuldbindingum sem felast í þessum alþjóðasáttmálum leiðir að aðildarríki verða að takmarka vinnu barna með lögum þar sem kveðið er á um lágmarksaldur við vinnu. Ákvæði þessara alþjóðasamninga hafa haft áhrif á löggjöf margra ríkja og einnig mótað reglur sem er að finna í tilskipun nr. 94/33 um vinnuvernd barna og ungmenna sem Evrópusambandið afgangi árið 1994. Í samræmi við viðvangsefni nefndarinnar er í þriðja kafla skýrslunnar fjallað ítarlega um ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna. Á það ber að leggja áherslu að frávik frá almennri reglu um takmörkun á atvinnuþátttöku barna og unglínga þurfa að byggjast á ákvæðum laga þar sem jafnframt er tryggð vernd gegn erfiðri og skaðlegri vinnu og vinnutími takmarkaður.

Í fjórða kafla skýrslunnar er fjallað um ákvæði íslenskra laga og kjarasamninga um vinnu barna og unglínga. Þar kemur fram að vinnu barna eru ekki sett nein takmörk að því er varðar aldur svo framarlega að um sé að ræða létt störf. Einnig kemur fram að í gildi eru launataxtar fyrir vinnu barna 14 ára og yngri.

Fimmti kaflinn er um vinnu barna og unglínga. Þótt það hafi verið vissum erfiðleikum háð að afla upplýsinga um vinnu barna yngri en 13 ára er ljóst að þessi hópur stundar vinnu í einhverjum mæli. Einkum er um að ræða blaðburð og barnagæslu. Hins vegar er atvinnuþátttaka barna eldri en 13 ára í sumarleyfum almenn og vegur þátttaka í vinnuskólum sveitarfélaga þyngst, einkum að því er varðar yngstu börnin í þessum hópi.

Í sjötta kafla setur nefndin fram tillögur. Í skipunarbréfi er lagt fyrir nefndina að undirbúa aðild Íslands að tilskipun Evrópusambandsins um vinnuvernd barna en jafnframt að tryggja að íslenskir unglíngar geti tekið takmarkaðan þátt í atvinnulífinu. Eins og áður sagði er nauðsynlegt að gera umtalsverðar breytingar á ákvæðum vinnuverndarlaganna eigi að vera hægt að samræma þessi tvö markmið. Í þessu skyni

hefur nefndin samið drög að frumvarpi um breytingar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem birt er sem fylgiskjal með þessari skýrslu.

2. Ákvæði alþjóðasamninga um vinnuvernd barna og unglunga.

Í nýlegri bók um vinnu barna er að finna tilvitnun í orð Alberts Tomas, fyrsta forstjóra alþjóðavinnnumálaskrifstofunnar í Genf. Hún er á þann veg að alvarleg tilraun til að setja lög um félagsleg réttindi byrji ætíð á löggjöf um vernd barna. Þetta eru orð að sönnu að því er varðar Alþjóðavinnnumálastofnunina (ILO). Á fyrstu starfsárum hennar afgreiddi Alþjóðavinnnumálaþingið alþjóðasamþykktir sem höfðu afgerandi áhrif á viðhorf til þessara mála. Þessar samþykktir hafa haft áhrif á samninga og samþykktir annarra alþjóðastofnana og löggjöf fjölmargra ríkja. Í þessum kafla er að finna yfirlit yfir helstu alþjóðasamninga og samþykktir sem snerta vinnuvernd barna.¹ Umfjöllun um tilskipun Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna er í þriðja kafla.

Samþykkt ILO nr. 138 og tillaga nr. 146, um lágmarksaldur við vinnu.

Inngangur.

Alþjóðavinnnumálastofnunin (ILO) varð fyrst til að afgreiða alþjóðasamþykktir um vinnu barna. Fyrsta Alþjóðavinnnumálaþingið, sem var haldið árið 1919, afgreiddi samþykkt sem fól í sér takmörkun á vinnu barna við iðnaðarstörf. Í kjölfarið fylgdu fleiri samþykktir um vinnuvernd barna. Á næsta vinnnumálaþingi var afgreidd samþykkt nr. 7, um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku. Árið 1921 afgreiddi þingið þrjár samþykktir á þessu sviði, þ.e. samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf, um lágmarksaldur unglunga við kyndara- og kolamokarastörf og um skylduskoðun læknis á börnum og unglungum við sjómennsku. Alls hefur vinnnumálaþingið afgreitt 11 samþykktir um lágmarksaldur í hinum ýmsu starfsgreinum. Af þessu má sjá að ILO hefur frá upphafi látið sig miklu skipta vinnu barna og unglunga.

Alþjóðasamþykkt ILO nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu, er mikilvægust í sambandi við vinnu barna og unglunga. Samþykktin var afgreidd af 58. vinnnumálaþinginu sem haldið var í Genf árið 1973. Henni er ætlað að koma smám saman í stað allra þeirra samþykktarinnar sem snerta vinnu barna og áður höfðu verið afgreiddar af fyrri þingum og er markmiðið að útrýma algjörlega vinnu barna.

Gildissvið.

Aðildarríki þau, sem fullgilda samþykkt ILO nr. 138, skuldbinda sig til þess að stefna að því að hækka lágmarksaldur við vinnu að því marki sem best hæfir líkamlegum og andlegum þroska ungmenna. Tiltaka skal ákveðinn lágmarksaldur við alla vinnu sem ekki sé lægri en lokaaldur skólaskyldu og ekki lægri en 15 ár. Í undantekningartilvikum, sem byggja á efnahagslegri og félagslegri stöðu hlutaðeigandi aðildarríkis, er heimilt að takmarka gildissvið samþykktarinnar um stundarsakir en hún skal þó a.m.k. taka til námuvinna, iðnaðar, byggingarvinnu, vinnu við rafmagns-, gas- og vatnsveitur, heilbrigðisþjónustu, vöruflutninga, vörugeymslu og samgangna, svo

¹ A. Bequele og W.E. Myers, First things first in child labour, International Labour Office, Genf 1995.

og landbúnaðar, nema smábúskapar.

Þegar um er að ræða störf, sem geta verið hættuleg heilbrigði, öryggi eða siðgæði ungmenna, er aldursmarkið 18 ár, en frá því má gera undantekningar með ákveðnum skilyrðum.

Undanþágur.

Í samþykktinni er að finna ákvæði sem heimilar aðildarríki að gera undantekningar frá meginreglunni um að lágmarksaldur við vinnu megi ekki vera lægri en skólaskyldualdur og aldrei lægri en 15 ár.² Þó má einnig með lögum eða reglugerðum leyfa að unglingar, sem eru 13 - 15 ára, vinni létt störf, sem ekki eru líkleg til að draga úr þroska þeirra eða skólagöngu. Aðildarríki Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar voru 31. desember 1994 172. Af þeim höfðu 46 fullgilt samþykktina. Ísland hefur ekki fullgilt samþykktina. Á því skal vakin athygli að aðildarríki samþykktarinnar hafa í yfirlýsingu, sbr. 1. tölul. 4. gr. tiltekið eftirfarandi í sambandi við lágmarksaldur við vinnu: 13 aðildarríki hafa 16 ára lágmarksaldur við vinnu, 25 miða við 15 ár og 8 við 14 ár.

Í 4. gr. er að finna heimild fyrir hlutaðeigandi stjórnvald til að undanskilja nánar tilgreindar starfsgreinar eða störf frá gildissviði samþykktarinnar ef það er sérstökum og verulegum vandkvæðum bundið að beita ákvæðum hennar í þeim tilteknu tilvikum. Jafnan skal hafa samráð við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks um undanþágur frá aðalreglum samþykktarinnar.

Eftirlit.

Alþjóðavinnuumálastofnunin fylgist með því að aðildarríki, sem fullgildir alþjóðasamþykkt, fari eftir ákvæðum hennar. Alþjóðavinnuumálastofnanin í Genf óskar reglulega eftir skýrslum um framkvæmd fullgilttra alþjóðasamþykkt. Nefnd óháðra sérfræðinga, sem í eiga sæti 20 fulltrúar, allt fræðimenn á sviði lög- og félagsfræði, fer yfir skýrslurnar. Sérfræðinganefndin birtir niðurstöður sínar í skýrslu sem lögð er fyrir Alþjóðavinnuumálaþingið sem kemur saman á hverju ári í júnímánuði í Genf. Þar er skýrslan til umfjöllunar í þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkt.

Yfirlýsing allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá 20. nóvember 1959.

Í grundvallarreglu 9 í yfirlýsingu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1959 segir að vernda eigi barn gegn afskiptaleysi, misþyrmingu og arðráni. Enn fremur gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu. Einnig er kveðið á um það að barni undir viðeigandi lágmarksaldri skuli ekki heimill aðgangur að vinnumarkaði eða ráðning í starf. Í engum tilvikum skuli því heimilt að starfa eða ráða sig í vinnu sem stofnar heilsu þess í hættu eða takmarkar tækifæri til að njóta náms eða hefur áhrif á líkamlegt og andlegt atgervi eða þróun siðgæðisvitundar.

² Þessar undantekningar er að finna í 4. tölul. 2. gr. og 4., 7. gr. og 8. gr. samþykktarinnar. Samkvæmt þeim getur aðildarríki ákveðið að lágmarksaldur geti í tilteknum tilvikum vera lægri. Skv. 4. tölul. 2. gr. getur aðildarríki, sem býr við vanþróaðan efnahag, tiltekið að lágmarksaldur sé í fyrstu 14 ár.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá árinu 1989.

Hinn 28. október 1992 voru aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent skjöl vegna fullgildingar Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá árinu 1989. Í 32. gr. samningsins er fjallað um vinnu barna. Samkvæmt 1. mgr. skuldbinda aðildarríkin sig til að viðurkenna rétt barns til að vera verndað fyrir arðráni og vinnu sem er líklegt er að því stafi hætta af eða komið gæti niður á námi þess eða skaðað heilsu þess eða líkamlegan, sálrænan, andlegan, siðferðilegan eða félagslegan þroska.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar skulu aðildarríkin gera ráðstafanir til að hrinda ákvæðum greinarinnar í framkvæmd einkum með því að kveða á um lágmarksaldur eða aldursmörk til ráðningar í starf. Einnig með því að setja viðeigandi reglur um vinnutíma og vinnuskilyrði. Loks ber aðildarríkjum að mæla fyrir um viðeigandi refsingar eða önnur viðurlög til að tryggja virka framkvæmd. Hinn 31. desember 1994 höfðu 168 ríki fullgilt samninginn um réttindi barnsins.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Fjallað er um vinnu barna í 3. tölul. 10. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem tók gildi í ársbyrjun 1976. Ísland fullgilti samninginn árið 1978. Í tölulíðnum segir að sérstakar ráðstafanir skuli gera til verndar og aðstoðar við börn og unglingi, m.a. ætti að vernda þau gegn efnahagslegri og félagslegri misnotkun. Enn fremur er kveðið á um það að ráðning þeirra í starf sem er skaðlegt siðferði þeirra eða heilsu eða lífshættulegt eða líklegt til þess að hamla eðlilegum þroska þeirra ætti að vera refsiverð að lögum. Loks er því beint til aðildarríkjanna að þau ættu að setja aldurstakmörk og launuð vinna barna undir þeim mörkum að vera bönnuð og refsiverð að lögum.

Yfirlýsing og framkvæmdaáætlun um afkomu, vernd og þróun barna frá árinu 1990.

Í yfirlýsingunni er vakin athygli á því að rúmlega 100 milljónir barna gegni störfum sem séu erfið og hættuleg. Þetta sé í andstöðu við alþjóðasáttmála sem hafi að geyma ákvæði sem verndi þau gegn efnahagslegri misnotkun og störfum sem skerða tækifæri til að njóta menntunar, eru heilsuspillandi og draga úr þroska þeirra. Í henni felst hvatning til ríkja heims um að leggja af barnavinnu og taka til skoðunar skilyrði og aðstæður barna sem löglega eru ráðin í vinnu með það að markmiði að vernda þau og skapa hæfilegar aðstæður fyrir heilsusamlegt uppeldi þeirra og þroska.

Yfirlýsing þings Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn árið 1995 um þróun félagsmála.

Dagana 6. til 12. mars 1995 var haldinn leiðtogafundur á vegum Sameinuðu þjóðanna um þróun félagsmála. Ráðstefnan samþykkti ítarlega yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun sem tekur til allra sviða félagsmála. Í 3. kafla framkvæmdaáætlunarinnar er fjallað um vernd og virðingu fyrir grundvallarréttindum launafólks. Sérstök áhersla er lögð á bann við nauðungarvinnu og vinnu barna, að félagafrelsi og samningafrelsi sé virt og að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Í áætluninni eru þátttökuríkin hvött til að fullgilda og hrinda í framkvæmd

alþjóðasamþykktum ILO sem snerta vinnumál ýmissa hópa, t.d. ungmenna, kvenna, fatlaðra og frumbyggja. Alþjóðavinnuástandastofnuninni var falið að fylgja eftir þessum hluta framkvæmdaáætlunarinnar.³

Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Inngangur.

Í stofnskrá Evrópuráðsins er m.a. kveðið á um það markmið ráðsins að vinna að framförum á sviði efnahags- og félagsmála og frekari framkvæmd mannréttinda og mannfrelsis. Að þessu yfirlýsta markmiði Evrópuráðsins hefur verið unnið með ýmsu móti allt frá stofnun ráðsins árið 1949 til þessa dags. Einn þátturinn í þessu starfi var samning félagsmálasáttmála Evrópu sem undirritaður var í Tórínó á Ítalíu 18. október 1961 eftir u.þ.b. sjö ára undirbúningsstarf.

Á 96. löggjafarþingi árið 1974 - 75 var lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda félagsmálasáttmálann fyrir Íslands hönd. Alþingi veitti þessa heimild 14. maí 1975. 15. janúar 1976 var gengið frá aðild Íslands að sáttmálanum. Í fullgildingarskjali var með vísan til 2. mgr. 20. gr. tekið fram að Ísland teldi sig bundið af ákvæðum sem talin voru upp. Ákvæði 7. gr. sáttmálans, um rétt barna og unglinga til verndar, eru ekki í þessari upptalningu. Af 20 aðildarríkjum félagsmálasáttmálans hafa níu undirgengist skuldbindingar samkvæmt öllum málsgreinum 7. gr. sem eru tíu. Níu til viðbótar hafa samþykkt að framfylgja sumum ákvæðum greinarinnar. Einungis tvö aðildarríki, Danmörk og Ísland, eru óbundin af ákvæðum 7. gr. félagsmálasáttmálans.

Gildissvið 7. gr.

Ákvæði greinarinnar tekur til vinnu barna og unglinga sem yngri eru en 18 ára.

Ákvæði um lágmarksaldur.

Í 1. mgr. 7. gr. felst skuldbinding til að sjá til þess að börn yngri en 15 ára séu ekki ráðin í störf.

Samkvæmt 2. mgr. ber að sjá til þess að sett séu hærri aldursmörk þegar um er að ræða ráðningar í störf sem álitin eru hættuleg eða óholl.

Samkvæmt 3. mgr. ber aðildarríki að sjá um að fólk sem er enn við skyldunám, verði ekki ráðið í vinnu sem hindrað gæti það í að njóta námsins til fulls.⁴

³ Þess skal getið að forstjóri alþjóðavinnuástandastofunnar sendi félagsmálaráðherra bréf, dags. 16. maí 1995, þar sem því er beint til íslenskra stjórnvalda að þau taki til alvarlegrar athugunar að fullgilda alþjóðasamþykkt nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu. Samtals voru taldar upp sjö samþykktir í bréfinu sem aðildarríki ILO voru hvött til að fullgilda en samþykkt nr. 138 er sú eina sem Ísland hefur ekki fullgilt.

⁴ Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur fylgst náið með framkvæmd aðildarríkja félagsmálasáttmálans sem hafa undirgengist skuldbindingar samkvæmt þessari málsgrein. Sem dæmi má nefna að sérfræðingarnir hafa talið það brot á ákvæðinu að heimila unglungum á skólaskyldualdri 15 ára og eldri, blaðburð daglega í tvær stundir frá kl. sex að morgni áður en þeir fara til skóla.

Einnig ber aðildarríki skv. 4. mgr. að sjá um að vinnutími fólks yngra en 16 ára sé takmarkaður samkvæmt þörf þess til þroska, sérstaklega í samræmi við þörf þess á starfsþjálfun.

Samkvæmt 8. mgr. ber aðildarríki að sjá um að fólk yngra en 18 ára sé ekki látið vinna næturvinnu, ef frá eru skilin viss störf sem ákveðin eru með lögum eða reglugerðum.

Önnur ákvæði 7. greinar félagsmálasáttmálans.

Í greininni er enn fremur fjallað um önnur réttindi barna og unglinga. Þannig er í 5. mgr. kveðið á um skuldbindingu aðildarríkis til að viðurkenna rétt ungs verkafólks og lærlinga á sanngjörnum launum eða öðrum viðeigandi greiðslum. Í 6. mgr. er tekið fram að tími sem ungt fólk ver til starfsþjálfunar í venjulegum vinnutíma með samþykki vinnuveitanda teljist hluti vinnudags. Sjöunda mgr. fjallar um rétt fólks yngra en 18 ára til a. m. k. þriggja vikna árlegs orlofs með kaupum. Einnig skal samkvæmt 9. mgr. kveða á um reglulega læknisskoðun fólks yngra en 18 ára sem vinnur störf sem tiltekin eru með lögum og reglugerðum. Loks ber aðildarríki sem hefur undirgengist skuldbindingar samkvæmt 10. mgr. að tryggja sérstaka vernd gegn líkamlegum og siðferðilegum hættum sem steðja að börnum og ungmennum, og þá sérstaklega gegn þeim hættum sem starfa beint eða óbeint af starfi þeirra.

Undanþágur.

Með 1. mgr. 7. gr. er börnum yngri en 15 ára heimilað að vinna tilgreinda léttu vinnu sem ekki er skaðleg heilsu þeirra, siðgæði eða menntun.

Framkvæmd og eftirlit.

Hægt er að hrinda ákvæðum um vinnu barna í 7. gr. félagsmálasáttmálans í framkvæmd með lögum eða stjórnisýslufyrirmælum.⁵ Aðildarríki ber að senda Evrópuráðinu skýrslu á tveggja ára fresti þar sem fram koma ítarlegar upplýsingar um framkvæmd einstakra ákvæða sáttmálans.

⁵ Í 33. gr. félagsmálasáttmálans eru talin upp þau ákvæði sáttmálans sem hægt er að hrinda í framkvæmd með ákvæðum í samningum aðila vinnuarkaðarins. 7. mgr. er eina ákvæði 7. gr. sáttmálans sem fellur undir ákvæði 33. gr.

3. Tilskipun ESB um vinnuvernd barna og ungmenna.

Markmið og gildissvið.

Í aðfaraorðum tilskipunarinnar er vísað til Rómarsáttmálans þar sem kemur fram að ráð Evrópusambandsins skuli með útgáfu tilskipana samþykkja lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum á vinnuumhverfi, að því er varðar öryggi og heilsu launafólks.⁶

Einnig er í aðfararorðunum vísað til yfirlýsingar leiðtogafundar Evrópusambandsins frá árinu 1989 um grundvallarréttindi launafólks. Í henni kemur fram að ekki skuli ráða börn eða ungmenni, sem eru enn á skólaskyldualdri, til starfa og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára. Í yfirlýsingunni er að finna fyrirvara um reglur sem fela í sér undanþágur frá þessu almenna banni til að stunda vinnu sem felur í sér starfsþjálfun eða sem eru takmarkaðar við tiltekin létt störf.⁷

Loks er rétt að vekja athygli á tilvísun í eina af megintilskipunum Evrópusambandsins þar sem kveðið er á um að vernda beri áhættuhópa sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir hættum sem steðja að þeim.⁸ Í því sambandi er tekið fram að börn og unglingar hljóti að teljast sérstakir áhættuhópar og því beri að gera ráðstafanir til að vernda öryggi þeirra og heilsu.

Orðið "*ungmenni*" er í tilskipuninni notað um einstaklinga sem eru undir 18 ára aldri. "*Unglingur*" er ungmenni sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í fullu skyldunámi. Orðið "*barn*" er notað um einstakling sem er undir 15 ára aldri eða ungmenni sem er í fullu skyldunámi samkvæmt landslögum.

Ákvæði um lágmarksaldur.

Meginefni tilskipunarinnar kemur fram í 1. gr. Samkvæmt henni skal aðildarríki sjá til þess að börn og ungmenni, sem enn eru á skólaskyldualdri, séu ekki ráðin til vinnu og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára. Einnig skal fylgjast náið með vinnu unglinga á aldrinum 15 til 17 ára.⁹ Tilskipunin gerir ráð fyrir takmörkuðum undanþágum í sérstökum tilvikum. Þær þurfa að hafa stoð í lögum og reglugerðum.

⁶ Sjá a-lið í 118. gr. Rómarsáttmálans.

⁷ Sjá nánar 23. - 26. gr. yfirlýsingarinnar um grundvallarréttindi launafólks sem samþykkt var af 11 af 12 aðildarríkum Evrópusambandsins í desember 1989.

⁸ Sjá nánar 15. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

⁹ Nefndin vekur á því athygli að skv. 1. gr. laga nr. 66/1995 er sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára sem er skólaskyldualdur á Íslandi. Af þessu leiðir að hið almenna bann tilskipunarinnar tekur til ráðningar barna 16 ára og yngri í vinnu.

Tekið er fram að aðildarríki skuli gera ráðstafanir til að banna vinnu barna.¹⁰

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því að aðildarríki eru skuldbundin til að banna vinnu barna sem sannanlega er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra, vinnu við krabbameinsvaldandi efni, vinnu þar sem menn verða fyrir skaðlegri geislun, vinnu þar sem fyrir hendi er slyshætta og vinnu sem stofnar heilsu þeirra í hættu vegna mikils kulda eða hita, eða hávaða og títrings.¹¹

Heimilt er að veita undanþágur frá framangreindu ákvæði með lögum eða stjórnslufyrirmælum þegar um er að ræða unglunga og slíkar undanþágur eru óhjákvæmilegar vegna starfsnáms þeirra. Það er sett sem skilyrði fyrir undanþágu að öryggi þeirra og heilbrigði sé tryggt með því að láta vinnuna fara fram undir eftirliti *hæfs einstaklings*.¹²

Takmörkun á gildissviði.

Tilskipunin gildir um alla þá einstaklinga undir 18 ára aldri sem hafa ráðningarsamning sem er skilgreindur í gildandi lögum aðildarríkis eða fellur undir gildandi lög aðildarríkis.¹³

Aðildarríki geta með lögum eða stjórnslufyrirmælum ákveðið að tilskipunin gildi ekki um *tilfallandi vinnu* eða *vinnu sem varir í skamman tíma* ef um er að ræða heimilisaðstoð á einkaheimilum eða vinnu sem hvorki telst skaðleg né hættuleg börnum og ungmennum í *fjölskyldufyrirtækjum*.¹⁴

¹⁰ Á því er vakin athygli að kveðið er á um bann við vinnu barna á tveimur stöðum í tilskipuninni. Í 1. gr. segir að aðildarríki skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu barna. Enn fremur að ungmenni, sem eru enn á skólaskyldualdri samkvæmt landslögum, séu ekki ráðin til vinnu og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára. Í 1. mgr. 4. gr. er bannað við vinnu barna endurtekið. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga hvernig orðið *barn* er notað í tilskipuninni. Það merkir ungmenni sem er undir 15 ára aldri eða ungmenni sem er í fullu skyldunámi, sbr. b-lið 3. gr.

¹¹ Sbr. ákvæði 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

¹² Sjá 3. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

¹³ Þannig fellur gæsla ungbarna almennt utan gildissviðs tilskipunarinnar. Sama á t.d. við um sjálfboðavinnu, smásölu dagblaða á götum og sölu merkja og happdrættismiða (umboðssala), sbr. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

¹⁴ Sbr. 2. mgr. 2. gr. Tekið skal fram að orðið “fjölskyldufyrirtæki” er ekki til í íslensku lagamáli. Því var leitað eftir upplýsingum hjá Evrópusambandinu um það hvaða fyrirtæki teljist til þeirra. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem borist hafa, er það látið aðildarríkjunum eftir að gefa orðinu inntak. Nefndin leggur til að skilgreining á þessari grein fyrirtækja byggji á vanhæfisreglum stjórnslulaga og réttarfarslaga. Orðið “fjölskyldufyrirtæki” (family undertaking) mætti skýra þannig að það taki til rekstrar sem er að verulegum hluta í höndum einstaklinga eða einstaklings sem er skyldur eða mægður barni eða unglingi í beinan legg eða öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

Undanþágur.

Helstu undanþágur frá banni við vinnu barna eru eftirfarandi:

a. Aðildarríki geta ákveðið að bann við vinnu barna gildi ekki þegar um er að ræða menningarstarfsemi, listviðburði eða íþrótta- eða auglýsingastarfsemi.¹⁵ Einungis er heimilt að ráða börn undir 13 ára aldri til þessara starfa *að fyrir fram hafi fengist leyfi til þess hjá lögbæru yfirvaldi í hverju einstöku tilviki*, sbr. 1. mgr. 5. gr.

Ef heimild 1. mgr. 5. gr. er nýtt ber aðildarríkum tilskipunarinnar að mæla fyrir um í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum hvernig staðið skuli að útgáfu fyrirframleyfa enda hafi starfsemin ekki skaðleg áhrif á öryggi, heilbrigði eða þroska barnsins. Enn fremur má hún ekki koma niður á skólagöngu þeirra eða getu til að nýta sér ávinning af námi sem þau hafa stundað.

b. Heimilt er að ráða barn, sem hefur náð 14 ára aldri, í vinnu hjá fyrirtæki¹⁶, enda sé vinnan hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi. Í þessu tilviki er nauðsynlegt að vinnan fari fram í samræmi við skilyrði sem hlutaðeigandi stjórnvald setur.¹⁷

c. Heimilt er að fela börnum, sem hafa náð 14 ára aldri, önnur létt störf en þau sem greinir í a-lið. Einnig er heimilt að fela 13 ára börnum þessi störf að því tilskildu að vikulegur fjöldi vinnutíma sé takmarkaður og um sé að ræða ákveðna verkefnaflokka sem tilgreindir eru í landslögum.¹⁸

Skyldur atvinnurekenda.

Í tilskipuninni eru ýmsar skyldur lagðar á atvinnurekanda. Skv. 6. gr. skal hann gera ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglinga. Atvinnurekandi skal sérstaklega gæta þess að þau séu varin fyrir öllum þeim hættum sem öryggi þeirra, heilsu og þroska eru búna og rekja má til ungs aldurs þeirra og reynsluleysis og grandvaraleysis.¹⁹

Gert er ráð fyrir að atvinnurekandi geri ráðstafanir til verndar ungmönnum á grundvelli mats á áhættu sem starf getur skapað. Tekið er fram að matið verði að fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar verða

¹⁵ Sbr. a-lið 2. mgr. 4. gr.

¹⁶ Nefndin vill vekja athygli á því að í enskri útgáfu tilskipunarinnar kemur ekki fyrir orð sem gæti verið hliðstætt íslenska orðinu "fyrirtæki". B-liður 2. mgr. 4. gr. er svohljóðandi: "Children of at least 14 years of age working under a combined work/training scheme or an in-plant work-experience scheme, provided that such work is done in accordance with conditions laid down by competent authority." Það er álit nefndarinnar að orðið "fyrirtæki" feli í sér takmörkun sem ekki styðjist við frumtexta tilskipunarinnar. Því beri að líta svo á að heimildin taki t.d. einnig til stofnana. Þess ber að geta að hér kemur til álita ákvæði í 32. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, þar sem gert er ráð fyrir tímabundinni þátttöku nemenda í atvinnulífnum.

¹⁷ Sjá b-lið 2. mgr. 4. gr.

¹⁸ Sbr. c-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

¹⁹ Sbr. 1. mgr. 7. gr.

gerðar á starfsskilyrðum. Talin eru upp þau atriði sem einkum skuli skoðuð.²⁰

Ef matið sýnir að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennanna er stofnað í hættu skal séð til þess að fram fari með reglulegu millibili og þeim að kostnaðarlausu viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu þeirra.

Í tilskipuninni eru ákvæði um að atvinnurekandi kynni börnum og ungmennum hugsanlega áhættu og allar ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði. Honum ber einnig að gera slíkt hið sama að því er varðar foreldra eða forráðamenn barnanna.²¹

Loks skal atvinnurekandi gera ráð fyrir verndar- og fyrirbyggjandi þjónustu við skipulagningu, framkvæmd og eftirlit með öryggis- og heilbrigðisskilyrðum sem gilda í tengslum við vinnu barna og unglínga.²²

Takmarkanir á vinnutíma.

Nýti aðildarríki sér heimildir b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr.²³ skulu þau takmarka virkan vinnutíma²⁴ barna með eftirfarandi hætti:

- Vinnutími barna sem vinna hjá fyrirtæki²⁵ og vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi skal ekki fara fram úr átta stundum daglega eða 40 stundum á viku.²⁶
- Ef um er að ræða vinnu sem fer fram á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma skal tímafjöldinn ekki vera meiri en tvær stundir á skóladegi og 12

²⁰ Þau atriði, sem sérstaklega skal skoða í þessu sambandi, eru talin upp í 2. mgr. 6. gr.

²¹ Sbr. 3. mgr. 6. gr.

²² Í þessu sambandi er vísað til 7. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Í greininni er m.a. fjallað um útnefningu starfsmanna til að hafa umsjón með öryggismálum í fyrirtækinu.

²³ B-liður fjallar um vinnu barna sem hafa náð 14 ára aldri þegar vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi. C-liður er um vinnu barna 14 ára sem stunda létt störf, önnur en þau sem er fjallað um í 5. gr. Samkvæmt sama lið er einnig heimilt að leyfa sömu vinnu 13 ára barna í takmarkaðan stundafjölda á viku.

²⁴ Með orðunum "virkur vinnutími" er átt við vinnutíma eins og hann er skilgreindur í tilskipun nr. 93/104/ESB um skipulag vinnutíma. Í því felst að *tími* sem starfsmaður er í raun að vinna, *tími* þar sem hann er til ráðstöfunar fyrir atvinnurekanda og *tími* sem varið er til að framkvæma skyldustörf telst *vinnutími* í skilningi tilskipunarinnar. Samkvæmt þessu teljast *bakvaktir* ekki til *vinnutíma* nema sá hluti þeirra þegar starfsmaður er í raun að vinna. Sama gildir um *neyslutíma*. Hann fellur *utan vinnutímans*. Af þessu leiðir að *virkur vikulegur dagvinnutími* að frádregnum kaffitímum er 37 stundir og 5 mínútur en ekki 40 stundir.

²⁵ Sjá nánar umfjöllun um orðið "fyrirtæki" í þessu sambandi í neðanmálgrein nr. 16.

²⁶ Sbr. a-lið 1. mgr. 8. gr.

- stundir á viku.²⁷
- Daglegur vinnutími má aldrei vera lengri en sjö stundir. Ef börnin hafa náð 15 ára aldri er heimilt að vinnutíminn sé átta stundir á dag.²⁸
- Fari vinna fram utan starfstíma skóla (í leyfum) skal takmarka daglegan vinnutíma við sjö stundir eða 35 stundir á viku. Heimilt er að hækka þessi mörk í átta stundir á dag og 40 stundir á viku fyrir börn sem hafa náð 15 ára aldri.²⁹
- Lengd vinnutíma vinnu af léttara tagi unninni af börnum sem ekki eru lengur í skyldunámi, skal ekki fara fram úr sjö stundum á dag eða 35 stundum á viku.³⁰

Aðildarríkin skulu takmarka vinnutíma unglunga, þ.e. á aldrinum frá 15 ára og allt að 18 ára, við átta stundir á dag eða 40 stundir á viku.³¹

Í réttmætum eða sérstökum tilvikum er heimilt með laga- eða stjórnsýsluákvæðum að leyfa undanþágur frá ákvæðinu um hámarksvinnutíma í a-lið 1. mgr. og 2. mgr. 8. gr.³²

Í þeim tilvikum þegar vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi ber að líta á þann tíma sem námið tekur sem vinnutíma.³³

Vinnu ungmenna hjá fleiri en einum atvinnurekanda skal leggja saman og telst niðurstaðan heildarvinnutími.³⁴

Vinna unglunga í óviðráðanlegum tilvikum.

Heimilt er að veita undanþágur frá ákvæðum 2. mgr. 8. gr. (hámarksvinnutími), b-lið 1. mgr. 9. gr. (bann við næturvinnu) og b-lið 1. mgr. 10. gr. (12 stunda samfelldur hvíldartími), enn fremur að því er unglunga varðar frá ákvæðum 12. gr. (30 mínútna hlé frá vinnu). Skilyrði fyrir því að hægt sé að beita undanþáguákvæðunum er að um sé að ræða aðstæður sem eru ekki á valdi atvinnurekanda og tímabundna vinnu sem þolir enga bið, að ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn og unglingar fái samsvarandi

²⁷ Sbr. b-lið 1. mgr. 8. gr.

²⁸ Sbr. b-lið 1. mgr. 8. gr.

²⁹ Sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr.

³⁰ Sbr. d-lið 1. mgr. 8. gr.

³¹ Sbr. 2. mgr. 8. gr.

³² Sbr. 5. mgr. 8. gr. Hér er átt við ákvæðið um hámarksvinnutíma barna sem eru í vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi, sbr. a-lið 1. mgr. 8. gr. eða ákvæðið um takmarkanir á vinnutíma *unglinga* í 2. mgr. 8. gr. (átta stundir á dag og 40 stundir á viku).

³³ Sbr. 3. mgr. 8. gr.

³⁴ Sbr. 4. mgr. 8. gr.

uppbótarhvíld á næstu þremur vikum.³⁵

Ákvæði um næturvinnu.

Þau aðildarríki, sem nýta sér undanþágur b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. (vinna hluti af námi eða um er að ræða léttu vinnu), skulu banna vinnu barna á tímabilinu frá kl. 20,00 til kl. 06,00.³⁶

Banna skal vinnu unglunga annaðhvort á tímabilinu frá kl. 22.00 til kl. 06.00 eða frá kl. 23.00 til kl. 07.00.³⁷

Heimilt er að víkja frá framangreindu banni við vinnu unglunga á sérstökum starfssviðum enda séu gerðar viðeigandi ráðstafanir og séð til þess að fullorðinn einstaklingur hafi umsjón með unglíngnum ef þörf er á slíkri umsjón honum til verndar. Ef þessi heimild er nýtt skal vinna á tímabilinu frá kl. 24:00 til kl. 04:00 engu að síður bönnuð.³⁸

Í eftirfarandi tilvikum er heimilt með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum að leyfa unglíngum að vinna á tímabili þar sem næturvinna er bönnuð þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglíngurinn fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma:

- þegar um er að ræða vinnu við sjómennsku og fiskveiðar;
- þegar um er að ræða vinnu er tengist herþjónustu eða löggæslu;
- þegar um er að ræða vinnu á sjúkrahúsum eða sambærilegum stofnunum;
- þegar um er að ræða störf á sviði menningarmála, lista, íþróttar eða auglýsinga.³⁹

Vinni unglíngur að nátturlagi skal hann eiga kost á ókeypis heilbrigðisskoðun áður en hann hefur störf og með reglulegu millibili eftir það. Frá þessari reglu eru þeir undanskildir sem einungis vinna í undantekningartilvikum á þeim tíma sem vinna er bönnuð.⁴⁰

³⁵ Sbr. 13. gr. tilskipunarinnar. Í greininni er vísað til 4. mgr. 5. gr. í tilskipun 89/391/EBE til skýringar á kringumstæðum sem þurfa að vera til staðar þannig að heimilt sé að beita undanþágunni. Í þeirri málsgrein kemur fram að ekki eigi að takmarka tækifæri aðildarríkis til að undanskilja eða takmarka ábyrgð atvinnurekanda þegar atburðir verða vegna óvenjulegra eða ófyrirséðra aðstæðna sem voru ekki á valdi hans eða vegna undantekningartilvika sem leiddu til afleiðinga sem ekki var hægt að koma í veg fyrir þrátt fyrir viðeigandi aðgerðir.

³⁶ Sbr. a-lið 1. mgr. 9. gr.

³⁷ Sbr. b-lið 1. mgr. 9. gr.

³⁸ Sjá nánar ákvæði a- og b-liða 2. mgr. 9. gr.

³⁹ Sjá nánar seinni hluta 2. mgr. 9. gr.

⁴⁰ Sbr. 3. mgr. 9. gr.

Ákvæði um hvíldartíma.

Í tilskipuninni er að finna ákvæði um hvíldartíma og hlé frá vinnu. Í 10. gr. er sú skylda lögð á aðildarríki sem nýtir sér undanþágur b- og c-liðar 2. mgr. 4. gr. (vinna hluti af námi eða um er að ræða léttu vinnu) að þau geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að börn fái minnst 14 stunda hvíld á hverjum sólarhring. Tryggja skal að unglingar fái minnst 12 stunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.⁴¹

Enn fremur er kveðið á um að börn, sem falla undir undanþágur b- og c-liðar 2. mgr. 4. gr. og unglingar fái á hverju sjö daga tímabili minnst tveggja daga hvíldartímabil sem skal vera samfellt ef kostur er. Í þessum tilvikum skal lágmarkshvíldartíminn að jafnaði taka til sunnudags.⁴²

Heimilt er að stytta lágmarkshvíldartímamann ef slíkt er réttlætanlegt af tæknilegum eða skipulagslegum ástæðum. Hann skal þó aldrei vera styttri en 36 samfelldar stundir.⁴³

Í tilskipuninni er einnig að finna ákvæði sem heimila styttingu hvíldartíma þegar vinna varir í stuttan tíma hverju sinni eða henni er skipt yfir daginn.⁴⁴

Einnig má víkja frá ákvæðum um lágmarkshvíldartíma unglinga þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að þeir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma:

- þegar um er að ræða vinnu við sjómennsku og fiskveiðar;
- þegar um er að ræða vinnu er tengist herþjónustu eða löggæslu;
- þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum;
- þegar um er að ræða störf á sviði landbúnaðar;
- þegar um er að ræða störf á sviði ferðamála eða í hótél- og veitingarekstri;
- þegar um er að ræða vinnu sem skiptist í vinnulotur yfir daginn.⁴⁵

Aðildarríki, sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr., skulu sjá til þess að börn í skyldunámi fái að svo miklu leyti sem hægt er samfellt frí frá vinnu einhvern tíma á meðan skólafrí stendur.⁴⁶

Enn fremur er kveðið á um skyldu aðildarríkja til að tryggja börnum og unglingum 30 mínútna hlé, samfellt ef kostur er, ef daglegur vinnutími er lengri en fjórir og hálfur tími.⁴⁷

⁴¹ Sjá a- og b-lið 1. mgr. 10. gr.

⁴² Sjá 2. mgr. 10. gr.

⁴³ Sjá 2. mgr. 10. gr.

⁴⁴ Sjá 3. mgr. 10. gr. Hér er átt við frávík frá 1. og 2. mgr. 10. gr.

⁴⁵ Sjá 4. mgr. 10. gr. Rétt er að leggja áherslu á að undanþágan tekur til *unglinga*.

⁴⁶ Sjá 11. gr.

⁴⁷ Sjá 12. gr.

Framkvæmd tilskipunarinnar.

Hægt er að hrinda tilskipuninni í framkvæmd með lögum og stjórnarsýslufyrirmælum eða með almennum samningum aðila vinnumarkaðarins. Hins vegar er gert ráð fyrir að einungis sé hægt að víkja frá helstu ákvæðum hennar með lögum eða stjórnarsýslufyrirmælum. Aðildarríki ESB skulu hrinda henni í framkvæmd eigi síðar en 22. júní 1996. Í aðfaraorðum tilskipunarinnar er vísað til þess að framkvæmd tilskipunarinnar skapi ákveðin vandamál í einu aðildarríkjanna. Hér er átt við Bretland. Í tilskipuninni eru sérstök ákvæði um aðlögunartíma fyrir það.⁴⁸

Eftirlit með framkvæmdinni.

Engin ákvæði eru um eftirlit með framkvæmd samþykktarinnar. Hins vegar er ljóst að hlutaðeigandi aðildarríki ber ábyrgð á því að ákvæðum hennar sé hrundið í framkvæmd. Þannig er gert ráð fyrir að þau skuli á fimm ára fresti gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmdina.⁴⁹

Samantekt.

- * Samkvæmt tilskipun nr. 94/33/ESB, um vinnu barna og ungmenna, er vinna barna yngri en 15 ára og barna á skólaskyldualdri bönnuð.
- * Heimilt er að leyfa börnum 14 ára og eldri að vinna í fyrirtækjum⁵⁰ enda sé vinnan hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.
- * Heimilt er með lögum eða stjórnarsýslufyrirmælum að leyfa börnum 13 ára og eldri að vinna létt störf.
- * Sérstakar reglur gilda um vinnu barna sem tengist menningarstarfsemi, listviðburðum eða íþróttá- eða auglýsingastarfsemi.

⁴⁸ Sbr. 17. gr. Með ákvæði 4. mgr. 17. gr. fær Bretland fjögurra ára aðlögunartíma frá 22. júní 1996 til að hrinda í framkvæmd ákvæðum b-liðar 8. gr. að því er varðar hámarksvinnutíma á viku. Sama gildir um ákvæði 2. mgr. 8. gr. um takmörkun vinnutíma unglinga við átta stundir á dag og 40 stundir á viku og ákvæði 1. og 2. mgr. 9. gr., um bann við næturvinnu barna og unglinga.

⁴⁹ Sbr. 4. mgr. 17. gr.

⁵⁰ Sjá nánar umfjöllun um orðið “fyrirtæki” í þessu sambandi í neðanmálgrein nr. 16.

4. Íslenskar lagareglur og ákvæði kjarasamninga.

Ákvæði laga og reglugerða.

Inngangur.

Helstu ákvæði íslenskra laga um vinnu barna og unglinga er að finna í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 (vinnuverndarlögin), lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992 og lögum nr. 66/1995 um grunnskóla.

Ástæða er til að vekja athygli á því hvernig orðin barn, unglingur og ungmenni eru notuð í íslenskum lögum og reglugerðum.

Í vinnuverndarlögunum er *barn* einstaklingur innan 16 ára aldurs. *Ungmenni* eru unglingar á aldrinum 16 og 17 ára.⁵¹

Í grunnskólalögunum er talað um *börn og unglinga* á aldrinum 6 til 16 ára.⁵²

Í lögum um vernd barna og ungmenna er tekið fram að *börn* merki einstakling innan 16 ára aldurs, en *ungmenni* séu einstaklingar 16 til 18 ára.⁵³

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í X. kafla laga nr. 46/1980, sbr. lög nr. 61/1990, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er fjallað um vinnu barna og unglinga. Í kaflanum er að finna ákvæði um hámarks lengd vinnutíma þeirra. Hins vegar er ekki að finna ákvæði um lágmarksaldur við vinnu að því er varðar létt störf. Lögin fullnægja að þessu leyti ekki kröfum sem settar eru fram í tilskipun Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna. Í 60. gr. laganna er að finna leiðbeinandi reglu um að börn yngri en 14 ára megi ekki ráða nema til léttra, hættulítilla starfa. Enn fremur er tekið fram að ekki megi láta börn á aldrinum 14 og 15 ára, né heldur þau sem yngri eru, vinna við hættulegar vélar og við hættulegar aðstæður. Vinnueftirlit ríkisins hefur sett leiðbeinandi skilgreining á því hvað teljist létt hættulítill störf, hættulegar vélar og hættulegar aðstæður.

Leiðbeinandi reglur Vinnueftirlitsins um vinnu barna.

Í kjölfar breytingar, sem gerð var á 60. gr. laga nr. 46/1980, gaf Vinnueftirlit ríkisins út smárit sem hefur að geyma leiðbeinandi reglur um vinnu barna. Í ritinu er að finna skilgreiningar á því hvað séu létt, hættulítill störf. Einnig eru taldar upp helstu vélar og tæki sem flokkast sem hættulegar börnum. Loks eru gefin dæmi um hættulegar aðstæður við vinnu þar sem hætta getur verið á mengun frá eiturefnum, hættulegum efnum, bruna, raflosti, sprengingum eða falli af hærri stað.

⁵¹ Sjá 60. gr. laga nr. 46/1980, sbr. 1. gr. laga nr. 61/1990.

⁵² Sjá laga gr. I. 66/1995, um grunnskóla.

⁵³ Sjá laga gr. I. nr. 58/1992.

Lög um vernd barna og ungmenna.

Í 54. gr. laga um vernd barna og ungmenna segir að barnaverndarnefnd skuli hafa eftirlit með því að barn eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum. Að öðru leyti vísa lögin til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum um eftirlit með vinnu barna og unglunga.

Lög um grunnskóla.

Í 32. og 35. gr. 1. nr. 66/1995, um grunnskóla, um heimild til að meta tímabundna þátttöku barna í atvinnulífi sem nám að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Ástæða er til að vekja athygli á ákvæði í grunnskólalögnum þar sem lagt er bann við vinnu nemenda á starfstíma skóla valdi hún því að dómi skólastjóra og kennara að nemandi geti ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar. Komi upp slík tilfelli skal skólastjóri gera nemanda, forráðamanni hans og hlutaðeigandi atvinnurekanda viðvart. Ef ekki er bót á ráðin skal vísa málinu til skólanefndar. Sætti forráðamaður barnsins sig ekki við niðurstöðu skólanefndar getur hvor aðili, forráðamaður eða skólastjóri, vísað málinu til barnaverndarnefndar.⁵⁴

Samkvæmt reglugerð um erindisbréfi fyrir kennara í grunnskóla kemur fram eftirlitsskylda með framkomu nemenda, stundvísi, námsgetu, ástundun eða aðbúnaði heima fyrir. Telji kennari eitthvað athugavert ber honum að kynna sér orsakir þess eftir föngum og gera skólastjóra aðvart. Umsjónarkennari ber enn ríkari skyldur. Hann skal fylgjast með námi og þroska þeirra nemenda sem hann hefur umsjón með, leiðbeina þeim og hafa samband við forráðamenn eftir því sem þörf krefur.⁵⁵

Ákvæði kjarasamninga.

Í nokkrum kjarasamningum er fjallað beint eða óbeint um vinnu barna og unglunga. Sem dæmi má nefna ákvæði í samningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Landssambands íslenskra verslunarmanna og Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Í þessum ákvæðum er fjallað um mánaðarkaup 16 og 17 ára unglunga. Einnig er að finna ákvæði um unglungakaup. Þannig er kaup yngri en 14 ára, 14 ára og 15 ára unglunga tilgreint sem ákveðinn hundraðshluti af launum 16 ára unglings.⁵⁶

Hliðstæð ákvæði er að finna í nokkrum öðrum kjarasamningum atvinnurekenda

⁵⁴ Sjá 40. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla.

⁵⁵ Sjá 8. og 9. gr. í erindisbréfi kennara, birtu í B-deild Stjórnartíðinda, nr. 198/1976. Í þessu sambandi er ástæða til að vekja athygli á tilkynningarskyldu almennings og þeirra sem hafa afskipti af börnum og ungmönnum, sbr. ákvæði í 12. og 13. gr. barnaverndarlaga. Þess má geta að í samtökum kennara er verið að fjalla um drög að siðareglum kennara. Í þeim er m.a. fjallað um eftirlit kennara með börnum og unglungum.

⁵⁶ Sjá gr. 1.1.1 og 1.1.2 í samningi VSÍ og Landssambands íslenskra verslunarmanna og Verzlunarmannafélags Reykjavíkur sem tók gildi 21. febrúar 1995.

við samtök launafólks, t.d. við Verkamannasambandið.⁵⁷

Í gildi er kjarasamningur fyrir lausráðna starfsmenn á bændabýlum. Á grundvelli þess kjarasamnings hafa verið gefnir út kauptaxtar fyrir börn 14 ára og eldri.⁵⁸

Um tryggingarvernd ungmenna.

Samkvæmt kjarasamningum er skylt að tryggja alla launþega fyrir dauða, varanlegri örorku og tímabundinni örorku af völdum slyss í starfi eða á eðlilegri leið milli heimilis og vinnustaðar. Því er skylt að tryggja börn og unglínga í starfi eins og annað launafólk. Ekki eru þó greiddar hærrí dánarbætur vegna barna yngri en 13 ára en sem nemur venjulegum útfararkostnaði. Til viðbótar samningsbundinni slysatryggingu eru allir launþegar slysatryggðir samkvæmt III. kafla laga um almannatryggingar nr. 117/1993. Í skaðabótalögum eru ákvæði um að örorkubætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína til annars en öflunar atvinnutekna, skuli metnar á annan hátt en launamanna.

5. Þátttaka barna og unglínga í atvinnulífinu.

Inngangur.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ákvæðum alþjóðasamninga um vinnu barna og unglínga. Nefndin hefur reynt að meta áhrif fullgildingar þessara samninga á atvinnuþátttöku barna. Upplýsingar um þátttöku barna og unglínga í atvinnulífinu eru forsenda þess að þetta sé hægt. Við upphaf starfs nefndarinnar kom fram að upplýsingar um þetta efni eru annaðhvort takmarkaðar eða gamlar og úreltar. Á síðustu missirum hefur ræst úr þessu. Í fyrsta lagi hefur verið hægt að fá upplýsingar um vinnuframlag barna og unglínga úr skattframtölum. Í öðru lagi hefur nefndin fengið aðgang að niðurstöðum rannsóknar sem Guðbjörg Vilhjálmsdóttir gerði á árinu 1995 á atvinnuþátttöku um 350 unglínga í 16 skólum í landinu. Enda þótt gögnin svari ekki öllum spurningum um atvinnuþátttöku þessa hóps gefa þau ákveðnar vísbendingar um umfangið.

Ástæða er til að vekja athygli á eldri skýrslum um þetta efni.

Árið 1991 kom út skýrslan *Göfgar vinna með námi?* sem var tekin saman af Guðríði Sigurðardóttur og Þorláki Karlssyni. Í henni er að finna yfirlit yfir rannsóknir á launaðri vinnu nemenda með námi. Þar kemur fram að hér á landi hafi verið gerðar nokkrar kannanir á launaðri vinnu grunnskólanemenda. Í þeim hafi komið fram að 20-37% nemenda í efstu deildum grunnskóla hafi stundað launaða vinnu með náminu. Þar kemur einnig fram að vinna nemenda í framhaldsskóla virðist vera enn algengari.⁵⁹

⁵⁷ Sjá gr. 1.1.2 í samningi VSÍ og VMSÍ sem tók gildi 21. febrúar 1995. Ástæða er til að geta um ákvæði í gr. 6.4. í samningnum. Í því er tekið fram að unglíngar innan 16 ára skuli ekki vinna við nánar tilgreindar vélar í fiskvinnslustöðvum.

⁵⁸ Upplýsingar um launakjör lausráðinna starfsmanna á bændabýlum voru t.d. birt í búnaðarblaðinu Frey, 10. tbl. 1994, bls. 384 - 385.

⁵⁹ Guðríður Sigurðardóttir og Þorlákur Karlsson, *Göfgar vinna með námi?*, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Reykjavík 1991, bls. 8-9. Forsætisráðuneytiskönnunin, sem vísað er til, var unnin af Þorbirni Broddasyni, Emil Thoroddsen, Ólafi Jónssyni og Elíasi Héðinssyni. Hún var birt árið 1987 í ritröðinni Ísland 2010: Gróandi þjóðlíf, sérrit 1 (bls. 221-254). Framkvæmdanefnd um

Í skýrslu Guðríðar Sigurðardóttur og Þorláks Karlssonar kemur fram að á vegum borgarráðs Reykjavíkur hafi verið gerð könnun á launavinnu 13-16 ára reykvískra unglunga árið 1973 sem leiddi í ljós að 20% þeirra nemenda, sem voru í námi í framhaldsskóla, stunduðu launaða vinnu með námi. Einnig kemur fram í skýrslunni að á vegum forsætisráðuneytisins var kannað í tíu framhaldsskólum víðs vegar um landið hve algengt væri að nemendur ynnu með námi. Alls tóku 544 nemendur þátt í könnuninni og voru langflestir þeirra á aldrinum 18-19 ára. Í ljós kom að 37% nemenda unnu með skólanum og voru stúlkur í meirihluta. Vinna með námi var algengari hjá nemendum á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Nýjasta skýrslan um vinnu barna og unglunga er samin af Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur og byggð á athugun sem fram fór haustið 1995. Athugunin er þáttur í stærri rannsókn á hugmyndum ungmenna um störf. Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðunum úr könnun Guðbjargar síðar í þessum kafla.

Ýmislegt bendir til þess að verulega hafi dregið úr launaðri vinnu barna á seinni árum. Fjölbreyttari samskiptatækni hefur fækkað snúningastörfum frá því sem áður var, t.d. störfum sendla. Vélvæðing í landbúnaði hefur haft sömu afleiðingar til sveita.

Einnig hefur stóraukið almennt atvinnuleysi í landinu komið hart niður á yngstu aldurshópunum á vinnumarkaðinum. Sem dæmi má nefna að fjöldi þeirra sem eru á atvinnuleysisráði á aldrinum 15-19 ára hefur rúmlega tífaldast á milli árana 1987 og 1994, þ.e. fjölgað úr 44 í 531.

Upplýsingar úr skattframtölum.

Að beiðni nefndarinnar hefur fjármálaráðuneytið tekið saman yfirlit yfir atvinnuþátttöku unglunga í janúar og febrúar og í júlí og ágúst 1994. Um er að ræða unglunga sem fæddir eru á árinu 1978 og síðar. Hópurinn tekur yfir börn 16 ára og yngri. Niðurstaðan kemur fram í töflu hér á eftir. Það sem vekur athygli er að samtals hafa rúmlega 900 börn fengið launagreiðslu í janúar og febrúar á árinu 1994. Þetta þarf ekki að þýða að þessi hópur vinni með námi. Líklegra er að um sé að ræða launagreiðslur fyrir vinnu í jólaleyfi. Engu að síður er hér um umtalsverðan hóp að ræða. Í júní og júlí hefur þessi hópur tífaldast. Á þeim tíma eru samtals rúmlega 9.600 ungmenni á vinnumarkaði. Svo virðist sem langstærsti hlutinn sé í vinnuskólum sveitarfélaga eða tæplega 60%. Afgangurinn skiptist á nokkrar atvinnugreinar, fiskvinnslu 8,1%, verslun 6,8% og iðnað 4,5%.

Fjöldi barna með launagreiðslur í janúar/febrúar og júlí/ágúst 1994				
Skipt eftir atvinnugreinum				
	Jan/feb Fjöldi	Hlutfalls- skipting %	Júlí/ág Fjöldi	Hlutfalls- skipting %
Landbúnaður	32	3,4	313	3,3
Fiskveiðar	39	4,2	150	1,6
Fiskvinnsla	63	6,7	779	8,1
Iðnaður	170	18,1	429	4,5
Byggingariðnaður	30	3,2	192	2,0
Verslunargreinar	228	24,4	656	6,8
Veitinga- og gistingu- og gististaðir	24	2,6	136	1,4
Opinber starfsemi, þmt.unglingavinna sveitarfélaga	46	4,9	5.971	62,0
Hagsmunasamtök (atv.gr.835)	75	8,0	309	3,2
Atvinnugreinar óta.	231	24,5	689	7,1
SAMTALS	938	100,0	9.624	100,0

Í seinni töflu fjármálaráðuneytisins er tölur í töflu 1 skráðar eftir aldri. Hlutfallslega eru flestir í yngsta aldurshópnum (fæðingarár 1980, þ.e. flestir á aldrinum 14 ára) ráðnir til starfa hjá opinberum aðilum, þ.e. rúmlega 71%. Fullyrða má að hér er fyrst og fremst um að ræða vinnu á vegum vinnuskóla sveitarfélaga. Ekki er verulegur munur á atvinnuþátttöku þeirra sem fæddir eru 1980 og 1979 ef frá er skilin fiskvinnslan. Hlutfall þeirra sem vinna við fiskvinnslu og eru fæddir 1980 er 3,8% af þeim sem taka þátt í atvinnulífnum. Í 15 ára aldurshópnum hækkar þetta hlutfall í 9,2% sem styður þá niðurstöðu skyndiathugunar Vinnueftirlits ríkisins að almennt sé það reglan að ráða ekki yngri börn en 15 ára í fiskvinnslu (sjá síðar í þessum kafla). Marktæk breyting er á tveimur yngri hópum og hóp elstu barnanna sem yfirlit fjármálaráðuneytisins tekur til. Hún felst í því að hlutfallslegt vægi fiskvinnslu og verslunar hækkar verulega. Hins vegar er hlutfallsleg þátttaka aldurshópna þriggja svipuð að því er varðar fiskveiðar og iðnað þótt hlutfallið sé heldur hærra í elsta hópnum.

Fjöldi barna sem fær laun í janúar og febrúar vekur nokkra athygli. Enda þótt gera megji ráð fyrir að hér sé um að ræða launagreiðslur fyrir vinnu í jólaeyfi eru tölurnar nokkuð háar, a.m.k. ef litið er til yngstu aldurshópna.

Fjöldi barna með launagreiðslur í janúar/febrúar og júlí/ágúst 1994				
Upplýsingar frá ríkisskattstjóra				
	Jan/feb	Hlutfalls	Júlí/ág.	Hlutfalls
	Fjöldi	skipting	Fjöldi	skipting
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
I. Börn fædd 1978:				
Landbúnaður	17	3,8	123	3,7
Fiskveiðar	15	3,4	55	1,7
Fiskvinnsla	27	6,1	375	11,3
Iðnaður	48	10,8	184	5,6
Byggingariðnaður	14	3,1	89	2,7
Verslun	139	31,1	376	11,4
Veitinga- og gististaðir	15	3,4	73	2,2
Opinber starfsemi, þmt. unglingavinna	19	4,3	1.614	48,7
Hagsmunasamtök (atv.835)	75	16,9	80	2,4
Aðrar greinar	76	17,1	342	10,3
SAMTALS	445	100	3.311	100
II. Börn fædd 1979:				
Landbúnaður	6	2,9	101	3,4
Fiskveiðar	7	3,3	43	1,4
Fiskvinnsla	20	9,5	277	9,2
Iðnaður	39	18,6	119	4,0
Byggingariðnaður	6	2,9	55	1,8
Verslun	57	27,1	170	5,7
Veitinga- og gististaðir	5	2,4	42	1,4
Opinber starfsemi, þmt. unglingavinna	10	4,8	1.999	66,6
Hagsmunasamtök (atv.835)	0	0	24	0,8
Aðrar greinar	60	28,5	170	5,7
SAMTALS	210	100	3.000	100
III. Börn fædd 1980 og síðar:				
Landbúnaður	9	3,2	89	2,7
Fiskveiðar	17	6,0	52	1,6
Fiskvinnsla	16	5,7	127	3,8
Iðnaður	83	29,3	126	3,8
Byggingariðnaður	10	3,5	48	1,4
Verslun	32	11,3	110	3,3
Veitinga- og gististaðir	4	1,4	21	0,6
Opinber starfsemi, þmt. unglingavinna	17	6,0	2.358	71,2
Hagsmunasamtök (atv.835)	0	0	205	6,2
Aðrar greinar	95	33,6	177	5,4
SAMTALS	283	100	3.313	100

Heimild: Fjármálaráðuneytið sem byggði á gögnum frá Embætti ríkisskattstjóra.

Vinna barna 13 ára og yngri.

Nefndin hefur reynt að afla upplýsinga um vinnu barna yngri en 13 ára. Henni hefur ekki tekist að afla sér upplýsinga um þetta efni. Þar af leiðandi hefur verið leitað upplýsinga hjá þeim aðilum sem hugsanlega hafa vitneskju um vinnu barna á þessu aldursskeiði. Hér er fyrst og fremst um að ræða sölu og útburð dagblaða og barnagæslu.

Samkvæmt upplýsingum flestra þeirra aðila sem dreifa dagblöðum munu börn yngri en 12 ára ekki vera ráðin til blaðasölu og blaðburðar. Eitt vikublað miðaði við 10 ára lágmarksaldur. Á öðrum blöðum var upplýst að einungis ef foreldrar gengju í ábyrgð og aðstoðuðu börnin við blaðburð væri farið niður undir 10 ára aldur við ráðningu. Sama gildir um blaðsölu.

Morgunblöðin miða við að blað sé komið til áskrifanda fyrir kl. 07.00-07.30 á morgnanna. Svo virðist sem stuðst sé við þá reglu að hver einstaklingur dreifi ekki fleiri en 40-60 eintökum. Miðað við það er heildarþunginn á bilinu 4,3-7 kg.

Blaðburðarfólk fær poka sem smeygja má yfir öxl. Morgunblaðið útvegar kerrur á hjólum ef þess er óskað.

Heimild er fengin hjá foreldrum áður en börn eru ráðin til starfa.

Morgunblaðið hefur um 340 ungmenni í vinnu við blaðburð. Samkvæmt upplýsingum DV munu u.þ.b. 450 ungmenni annast útburð fyrir blaðið. Í þjónustu Dags á Akureyri eru um 60 ungir blaðberar á Akureyri, Dalvík, Húsavík og Ólafsfirði. Fjöldi ungmenna sem dreifa Alþýðublaðinu, Tímanum og Vikublaðinu er hverfandi.⁶⁰

Nefndin hefur einnig fengið upplýsingar um fjölda þeirra sem hafa tekið þátt í námskeiðum Rauða krossins fyrir þá sem vilja taka að sér barnagæslu. Þessi námskeið eru haldin fyrir börn á aldrinum 10 til 14 ára. Árið 1993 sóttu 730 börn á aldrinum 10 - 14 ára námskeið vegna barnagæslu. Árið 1994 sóttu 1432 börn þetta námskeið.⁶¹

Lög nr. 46/1980 gilda um blaðburðarbörn en að öðru leyti gilda engar fastmótaðar reglur um réttarstöðu þeirra. Á það við um aldursmörk, stærð vinnusvæðis, burð og annan aðbúnað og ráðningarkjör. Ráðningarkjör eru ákvörðuð af atvinnurekanda. Þetta gildir einnig um ráðningu barna og unglinga til gæslu á börnum.

⁶⁰ Vinnueftirlit ríkisins hefur safnaði upplýsingum um vinnu blaðburðarbarna. Hringt var í fyrstu viku desember 1995 í Morgunblaðið, DV, Alþýðublaðið, Tímann, Helgarpóstinn, Vikublaðið og Dag á Akureyri og spurt um eftirfarandi: Yngri aldursmörk varðandi dreifingu, fyrir hvaða tíma blaðið eigi að vera komið á heimili fólks, hvort blaðið hafi sett fram viðmiðunarreglur um fjölda/þyngd blaða sem hver einstaklingur fær, hvort blaðberar fái poka eða vagna undir blöðin, fjölda barna/ungmenna sem vinnur við blaðburð hjá viðkomandi blaði og hvort leitað sé eftir samþykki foreldra þegar börn/ungmennir eru ráðin til starfa. Í þessu sambandi má geta þess að samkvæmt reglum Póst- og símamálastofnunar er stefnt að því að stærð á bréfberasvæði feli í sér að meðalþungi tösku bréfbera í hverri ferð verði 10,45 kg, sbr. umburðarbréf stofnunarinnar, dags. 6. júní 1986. Reglurnar munu vera í endurskoðun.

⁶¹ Stuðst er við upplýsingar frá Svanhildi Þengilsdóttur hjá Rauða krossi Íslands.

Vinna 14 og 15 ára barna.

Nefndin telur ástæðu til að ætla að verulega hafi dregið úr þátttöku barna á aldrinum 13-15 ára á almennum vinnumarkaði. Nú á tímum er hún fyrst og fremst bundin við þátttöku í vinnuskólum á vegum sveitarfélaga. Fyrst og fremst er hér um að ræða léttu sumarvinnu fyrir unglunga sem eru í 8. og 9. bekk grunnskóla. Daglegur vinnutími yngri hópsins eru fjórar stundir á dag en eldri hópsins átta stundir. Alls er unnið í sex til átta vikur þannig að tryggt sé að börnin fái sumarleyfi.

Umfangsmesta starfsemin er á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur. Þátttaka í vinnuskólanum hefur aukist mjög sl. 10 ár. Sem dæmi má nefna að árið 1986 tóku u.þ.b. 50% árganganna sem áttu aðgang að skólanum þátt í starfi hans. Þetta hlutfall var árið 1994 komið í 85% beggja árganganna.⁶²

Samantekt á rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur á störfum 13 - 15 ára barna.

Könnun Guðbjargar Vilhjálmsdóttur tók til starfa 13-15 ára barna á árunum 1994 og 1995.⁶³ Hún er þáttur í stærri rannsókn á hugmyndum ungmenna um störf. Hér á eftir er heildarrannsókninni lýst stuttlega til að varpa ljósi á þá aðferð sem notuð var við að velja úrtak unglunganna í rannsókninni, ásamt því að greina frá störfum og búsetudreifingu úrtaksins. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar er að finna í fylgiskjali III.

Heildarrannsókn og úrtak.

Könnun á störfum 13-15 ára barna (fæðingarár 1980) á undanförunum tveimur árum er einn þáttur af fjölmörgum í stærri rannsókn á starfshugmyndum þeirra. Í úrtakið voru valdin um 350 börn í 10. bekk í 16 skólum í landinu úr öllum umdæmum nema Norðurlandi eystra. Búsetudreifingin á úrtakinu er 42,5% af höfuðborgarsvæði og 57,5% af landsbyggðinni. Þetta hlutfall er ólíkt búsetudreifingunni í landinu sem er að 56,3% búa á höfuðborgarsvæðinu en 43,7% úti á landsbyggðinni. Stéttadreifing í úrtakinu er sýnd í töflu í fylgiskjali og er marktækt samband á milli búsetu og stéttar.

Við könnun á starfshugmyndum er athyglinni beint að áhrifum búsetu og starfs (atvinnuumhverfis) á hugmyndir barnanna um störf og starfsval. Auk þess er spurt hvort og hvernig starfshugmyndir breytast á síðasta ári skyldunáms er börnin þurfa að velja sér eina leið af mörgum mögulegum um skólakerfi og inn í atvinnulífið. Þá eru og könnuð áhrif náms- og starfsfræðslu á þessa þróun.

Þetta rannsóknarefni réði því hvernig valið var í úrtak barna. Annars vegar voru valdir skólar af höfuðborgarsvæðinu og hins vegar skólar í bæjum og þorpum úti á landi þar sem meginuppistaðan í atvinnulífinu er sjósókn og fiskvinnsla. Því er unnt að álykta út frá þessum niðurstöðum um starfsreynslu unglunga sem búa við tvenns konar búsetuskilyrði, á höfuðborgarsvæðinu og í þorpum og bæjum við sjávarsíðuna en ekki um Íslendinga í heild.

⁶² Vinnuskóli Reykjavíkur gefur út fréttabréf. Í því er að finna gott yfirlit yfir starfsemi skólans. Hér er stuðst við upplýsingar í 1. tbl. 2. árg. í apríl 1995.

⁶³ Upplýsingar um störf barna í könnun Guðbjargar Vilhjálmsdóttur byggjast á starfsreynslu þeirra frá fermingarsumrinu og sumrinu þar á eftir.

Helstu ályktanir.

Af svörum barnanna við spurningum um starfsreynslu þeirra má draga eftirfarandi ályktanir. Nær öll börnin (96%) á aldrinum 13-15 ára höfðu eitthvert starf með höndum í fyrrasumar, og þau voru aðeins færri (91,5%) sumarið áður (fermingarsumarið þeirra). Alls höfðu 34% þeirra haft eitthvert launað starf með höndum að vetrinum á einhverju tímabili síðustu tvö ár (1994 og 1995).

Börn í sjávarbyggðum vinna áberandi meira bæði að sumri og vetri en börn á höfuðborgarsvæðinu. Þetta kemur fram á fleiri en einum þætti, svo sem að vinnudagurinn er lengri að sumrinu og einnig vinna þau fleiri vikur á sumrin. Þá hafa börn á landsbyggðinni fleiri störf með höndum, bæði að sumri og vetri. Forvitnilegt væri að kanna hversu mikið vinnuframlag barnanna er með námi og þá með tilliti til þess hvort þetta hafi áhrif á nám þeirra eða lífsstíl.

Í vinnuframlagi barnanna endurspeglast það atvinnuumhverfi sem þau alast upp í og þar er sérstaklega áberandi þátttaka barna í fiskvinnslu í þorpum og bæjum við sjávarsíðuna. Nær öll börnin, sem vinna við fiskvinnslu, eru búsettir úti á landi. Starfstækifærin eru við hendina og fyrirtækin virðast hafa þörf fyrir þetta vinnuafli. Örfá börn af höfuðborgarsvæðinu vinna í fiskvinnslu.

Vinnutími barnanna sumarið 1995 er rúmlega átta vikur að meðaltali í fyrsta starfinu sem þau nefna og tæplega átta tímar á dag. En þess ber að gæta að um 40% barnanna eru í fleiri en einu starfi, svo að fyrrgreindur vinnutími í einu starfi segir ekki alla söguna. Vinnutíminn sumarið áður (1994), eða fermyngarsumarið, í fyrsta starfinu sem þau nefna, er svipaður að vikulengd og ári síðar, en dagleg viðvera er þá sex og hálfur tími að meðaltali. Fermyngarsumarið vinna höfuðborgarbörnin mun styttri vinnudag eða fimm og hálfan tíma, en landsbyggðarbörnin vinna þá sjö og hálfan tíma að meðaltali á dag. Fermyngarsumarið eru um 20% barnanna í fleiri en einu starfi.

Í nokkrum störfum kemur fram áberandi verkaskipting eftir kynjum, svo sem í barnagæslu, blaðburði og verkamannastörfum. Drengirnir vinna greinilega lengur að deginum að sumri til, en stúlkurnar aftur heldur fleiri daga að sumrinu. Líklegt er að þetta skýrist að einhverju leyti af ólíku eðli þeirra starfa sem kynin flokkast í, svo sem að drengirnir séu frekar í störfum þar sem eru uppgrip eða fáí oftast yfirvinnu. Það gefur svo tilefni til að álykta um að drengir fáí hærri laun en stúlkur, en um laun var ekki spurt í þessari könnun.

Athugun Vinnueftirlits ríkisins.

Í framhaldi af framangreindum upplýsingum hafði Vinnueftirlit ríkisins samband við nokkur verkalýðsfélög á átta stöðum í öllum landsfjórðungum í janúar 1996 til þess að fá fram mat þeirra á vinnuframlagi 13-15 ára barna í eigin bæjarfélagi. Einnig var spurt um hvering þessum málum væri háttað í nágrennasveitarfélögum. Niðurstaðan er eftirfarandi:

Aldur.

Fram kom að börn fá almennt ekki vinnu í fiski, hvorki á sumrin né á veturna, fyrr en þau eru orðin 14 ára gömul, eða sumarið sem þau fermast. Þótt algengast sé að miða við þennan aldur fá þau í sumum tilvikum ekki vinnu vegna hráefnisskorts fyrr en við 15-17 ára aldur og þá eingöngu hlutastarf.

Vinnuframlag.

Vinna þessa aldurshóps tíðkast almennt ekki á veturna, heldur nær eingöngu yfir sumartímann. Þó finnast undantekningar á þessu.

Algengast er að börn geti fengið fulla vinnu á sumrin frá 14 ára aldri. Full vinna getur haft í för með sér talsverða yfirvinnu, á kvöldin og á laugardögum. Sums staðar er algengt að unnið sé frá kl. 08.00 til 22.00. Annars staðar tíðkast að byrjað sé að vinna enn fyrir að morgni kl. 05.00 til 06.00 svo hægt sé að hætta fyrir að kvöldi.

Almennt virðist mega draga þá ályktun að á þeim stöðum þar sem afli hefur verið góður er börnum frá 14 ára aldri boðin sumarvinna, jafnvel 12-14 stundir á dag ef þau eru talin geta "staðið undir" svo mikilli vinnu. Það er mat verkalýðsfélaganna að börnin sækji í mikla vinnu á sumrin og að þau þrýsti sjálf mjög á að fá ekki eingöngu fulla dagvinnu heldur einnig yfirvinnu. Á stöðum þar sem börn fá ekki vinnu fyrir en á efri unglingsárum var það eingöngu vegna aflabrests, ekki sökum vinnuverndarsjónarmiða."

Verkefni.

Börn eru sögð vera í ýmsum "hliðarverkefnum", þ.e. þau vinna síður einhæf störf, svo sem snyrtingu. Þó eru dæmi um að svo sé.

Almennt kom fram það viðhorf að miður væri að börn gætu ekki fengið vinnu strax við 14 ára aldur. Sveitarfélögin hefðu ekki næg verkefni fyrir þessi börn og þriggja mánaða sumarfrí frá skólum, fyrir framan tölvuskjái og myndbandstæki, kallaði fram vöðvabólgu og óáran umfram það sem gerðist við störf í frystihúsum.

Vinna 16 til 17 ára unglinga.

Í áðurnefndri skýrslu Guðríðar Sigurðardóttur og Þorláks Karlssonar *Göfgar vinna með námi?* er greint frá niðurstöðu rannsóknar sem byggð var á úrtaki 668 nemenda úr tveimur framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu, á vinnu framhaldsskólanema með námi. Niðurstaðan leiddi í ljós að 53% nemenda reyndust vinna með námi. Rannsóknin gaf enn fremur til kynna að tengsl væru milli vinnu nemenda og ýmissa neikvæðra þátta. Nefna má að fjarvistir stúlkna sem unnu mikið voru tíðari en hinna sem ekki unnu. Í ljós kom að áfengisneysla pílta sem unnu með námi var meiri en meðal þeirra sem ekki unnu. Stærsti hópurinn, sem stundaði launaða vinnu þegar rannsóknin var gerð, vann 1-5 stundir á dag eða 19%. Tæplega 4% unnu meira en 20 stundir á viku. Um helmingur gaf upp skort á vasapeningum sem ástæðu fyrir vinnunni. Höfundar skýrslunnar benda á að úrtak rannsóknarinnar sé svonefnt þægindaúrtak sem geri það erfiðara að álykta út frá niðurstöðunum um alla nemendur framhaldsskóla á Íslandi. Hins vegar benda þeir á að svör nemendanna í báðum framhaldsskólunum hafi verið mjög svipuð sem gefi niðurstöðunum meira alhæfingargildi um fjölda nemenda sem vinni með námi. Ekki kemur fram í skýrslunni hvaða áhrif vinna með námi hefur á námsframvindu nemenda.⁶⁴

⁶⁴ Guðríður Sigurðardóttir og Þorlákur Karlsson, *Göfgar vinna með námi?*, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Reykjavík 1991.

6. Tillögur.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er þess óskað að nefndin vinni að undirbúningi þess að Ísland geti framfylgt tilskipun ESB 94/33 um vinnuvernd barna og ungmenna. Jafnframt er nefndinni falið að benda á leiðir sem veiti íslenskum unglingum tækifæri til atvinnuþátttöku.

Við tillögugerð sína hafði nefndin til hliðsjónar framangreindar upplýsingar um atvinnuþátttöku ungmenna. Helstu ályktanir sem má draga af þeim eru þær að vinna barna undir 13 ára aldri í leyfum frá skólanámi fari minnkandi. Hún hefur fyrst og fremst takmarkast við blaðburð og barnagæslu. Sumarvinna barna eldri en 13 ára er almenn. Í yngri aldurshópunum takmarkast hún að verulegu leyti við þátttöku í vinnuskólum sveitarfélaga. Sjaldgæft er að börn yngri en 14 ára séu ráðin til almennra starfa á vinnumarkaði.

Samkvæmt 17. gr. tilskipunarinnar er heimilt að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd með tvennum hætti. Með lögum eða stjórnisýslufyrirmælum eða samningum aðila vinnumarkaðarins. Nefndin hefur fjallað um þetta atriði. Hún vekur athygli á því að ýmis frávik frá meginefni tilskipunarinnar eru háð heimildum í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum. Með hliðsjón af því verkefni sem nefndinni var falið hefur hún komist að þeirri niðurstöðu að breytingar á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, séu nauðsynlegar til að staðfesta þær meginreglur sem tilskipunin mælir fyrir um. Á þann hátt skapast einnig forsendur til að heimila að það svigrúm, sem felst í tilskipuninni, verði nýtt til að heimila unglingum hóflega atvinnuþátttöku. Í ljósi þessa er það álit fulltrúa í nefndinni að heppilegra sé að markmiðum tilskipunarinnar verði hrundið í framkvæmd með lögum og reglugerðum í stað þess að sett verði almenn lagaákvæði sem síðan verði útfærð í almennum kjarasamningum. Með þeim hætti er strax tekin efnisleg afstaða til ákvæða tilskipunarinnar og útilokuð hugsanleg óvissa sem gæti leitt af nánari framkvæmd á einstökum atriðum með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Í samræmi við þessa stefnumörkun leggur nefndin einnig til að Vinnueftirliti ríkisins verði falið mikilvægt hlutverk við mótnun reglnanna um útfærslu þeirra frávik sem heimiluð verða og eftirlit með framkvæmd reglna um vinnuvernd barna og unglunga í samræmi við hlutverk stofnunarinnar.

Nefndin telur ástæðu til að vekja athygli á ákvæði í 2. mgr. 32. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja. Samkvæmt ákvæðinu skulu aðildarríki samningsins gera ráðstafanir til að hrinda ákvæðum greinarinnar í framkvæmd einkum með því að kveða á um *lágmarksaldur eða aldursmörk til ráðningar í starf*, einnig með því að setja viðeigandi reglur um vinnutíma og vinnuskilyrði. Loks ber aðildarríkjum að mæla fyrir um viðeigandi refsingar eða önnur viðurlög til að tryggja virka framkvæmd.

Breytingar á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á X. kafla laga nr. 46/1980, sbr. breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 61/1990:

1. Tekið verði fram í upphafi kaflans um vinnu barna og unglunga að ákvæði hans gildi um einstaklinga undir 18 ára aldri.
2. Gildissviðið verði takmarkað með svipuðum hætti og í tilskipuninni, þ.e. að lögin gildi ekki um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma að

því er varðar heimilisaðstoð á einkaheimilum eða vinnu, sem hvorki telst skaðleg né hættuleg börnum og ungmennum, í fjölskyldufyrirtækjum.

3. Skýringar á orðunum barn, unglíngur og ungmenni verði í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB 94/33. *Ungmenni* merki í lögunum einstakling undir 18 ára aldri. *Barn* merki í lögunum einstakling sem er undir 15 ára aldri eða í skyldunámi. *Unglíngur* merki einstakling sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.
4. Í lögunum verði bönnuð vinna barna. Vinna unglínga verði heimil með ákveðnum takmörkunum.
5. Lögfest verði skylda atvinnurekanda til að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglínga með gerð mats á áhættu sem starf getur valdið þeim. (2. mgr. 6. gr.)
6. Ákvæði gildandi laga um hámarksvinnutíma og um hvíldartíma verði endurskoðuð með hliðsjón af ákvæðum tilskipunarinnar.
7. Börn í skyldunámi eigi rétt á að fá leyfi árlega einhvern tíma á meðan skólafrí stendur.
8. Unglíngum, sem stunda næturvinnu, skal tryggður réttur til ókeypis heilbrigðisskoðunar og athugunar á vinnuhæfni sinni.
9. Heimilt verði að víkja frá meginreglum í eftirfarandi tilvikum (til hægðarauka er vísað í sviga til hlutaðeigandi greina í tilskipun ESB):
 - a. Heimilt verði að ráða börn til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþróttá- eða auglýsingastarfsemi. Hafi þau ekki náð 13 ára aldri skal fyrir fram aflað leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins í hverju einstöku tilviki.
 - b. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setji reglur um vinnu barna, 14 ára og eldri, þar sem hún er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi (b-liður 2. mgr. 4. gr.).
 - c. Heimild verði fyrir börn sem náð hafa 14 ára aldri til að stunda önnur störf af léttara tagi en um getur í a-lið, enn fremur 13 ára börn í takmarkaðan stundafjölda á viku samkvæmt nánari reglum sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur (c-liður 2. mgr. 4. gr.).
 - d. Ekki verði heimilt að láta ungmenni vinna við störf sem eru ofvaxin atgervi þeirra eða þau sem eru hættuleg eða skaðleg á einhvern hátt. Heimilt verði að víkja frá þessu ákvæði þegar það er nauðsynlegt vegna starfsnáms unglínga. Stjórn Vinnueftirlitsins setji nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis (3. mgr. 7. gr.).
 - e. Heimild verði sett í lög um að hægt sé að víkja frá ákvæðum um lágmarkshvíldartíma þegar um er að ræða vinnu sem skipt er upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni (3. mgr. 10. gr.).
 - f. Sett verði ákvæði í lög sem heimilar unglíngum að vinna í tilvikum þar sem um er að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið.

Ákvæði kjarasamninga um vinnu barna og unglínga.

Nefndin telur nauðsynlegt að ákvæði í kjarasamningum um vinnu ungmenna verði skoðuð með tilliti til reglna tilskipunar ESB.

Í þeim starfsgreinum, þar sem vinna barna og unglínga verður áfram heimil, er nauðsynlegt að meginefni tilskipunarinnar komi fram í viðkomandi kjarasamningi eða í þeim verði vísað til ákvæða gildandi laga og reglugerða. Við endurskoðun

kjarasamninga verði reynt að tryggja með sem bestum hætti að ungmenni séu tryggð við vinnu sína eins og aðrir starfsmenn skv. almennum skilmálum um slysatryggingar launafólks.

Aðrar ábendingar.

Nefndin leggur til að eftirfarandi verði tekið til athugunar til að stuðla enn frekar að vinnuvernd barna og unglinga:

1. *Fullgilding alþjóðasamþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu.* Nefndin mælir með því að kannað verði hvort unnt sé að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu.
2. *Könnun á því að Ísland undirgangist skuldbindingar skv. 7. gr. félagsmálasáttmála Evrópu.* Nefndin mælir með því að kannað verði hvort Ísland geti ekki undirgengist skuldbindingar samkvæmt ákvæðum í 7. gr. félagsmálasáttmála Evrópu um vernd barna og ungmenna.
3. *Ákvæði sjómannalaga um lágmarksaldur.* Í lögum nr. 35/1985, sjómannalögum, er að finna ákvæði um lágmarksaldur við vinnu á skipum. Skv. 2. mgr. 8. gr. er eigi heimilt að ráða yngri mann, karl eða konu, en 15 ára í vinnu á skipi nema um skólaskip eða æfingaskip sé að ræða. Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um hærri aldurslágmark skipverja við tiltekin störf allt fram til átján ára aldurs. Ekki hefur verið sérstaklega kannað hvort nauðsynlegt sé að breyta ákvæði sjómannalaga við gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna. Nefndin telur hins vegar rétt að athygli hlutaðeigandi ráðuneytis sé vakin á efni tilskipunarinnar og rétt sé að slík athugun fari fram á vegum þess.
4. *Breytingar á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla.* Nefndin leggur til að 40. gr. grunnskólalaga verði breytt þannig að verði ekki ráðin bót á vandamálum í sambandi við vinnu nemenda verði einnig hægt að vísa máli til Vinnueftirlits ríkisins.

TILSKIPUN RÁÐSINS 94/33/EB

frá 22. júní 1994

um vinnuvernd barna og ungmenna

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmalanefndarinnar⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. c í sáttmálanum⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með útgáfu tilskipana, samþykka lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum á vinnuumhverfi að því er varðar öryggi og heilsu launþega.

Samkvæmt þeirri grein skal með slíkum tilskipunum forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vextu líúilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í 20. og 22. lið stofnskrár bandalagsins um félagsieg grundvallarrettindi launþega, sem var samþykkt á fundi leiðtoga-ráðsins í Strassborg hinn 9. desember 1989, segir:

„20. Með fyrirvara um reglur sem geta verið bönum og ungmennum hagstæðari, einkum þeim sem tryggja að þau fái næga starfsþjálfun áður en þau hefja störf, og með fyrirvara um undanþágur sem eru takmarkaðar við tiltekin störf af léttara tagi, ma ekki ráða börn eða ungmenni, sem eru enn á skólaskylduáldri, til starfa og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára.

22. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir með það í huga að laga vinnuverndarákvæði sem gilda um börn og ungmenni þannig að þau taki mið af þörfum þeirra

til einstaklingsbundins þroska, starfsmenntunar og aðgangs að vinnumarkaðinum.

Einkum skal takmarka vinnutíma ungmenna undir 18 ára aldri — ekki má vera hægt að sniðganga þetta ákvæði með yfirvinnu — og banna næturvinnu, nema þegar um er að ræða tiltekin störf sem kveðið er á um í innlendum lögum eða reglum.“

Taka ber tillit til meginreglna Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar hvað varðar vinnuvernd barna og ungmenna, að meðtöldum ákvæðum um lágmarksaldur við starfsráðningu.

Í ályktun sinni um vinnu barna⁽⁴⁾ tók Evrópuþingið saman ýmis atriði er varða vinnu barna og ungmenna og lagði meðal annars áherslu á áhrif þessarar heilsu þeirra, öryggi og andlegan og líkamlegan þroska og benti á þörfina á að sett verði tilskipun um samhæfingu löggjafar aðildarríkjanna á þessu sviði.

Í 15. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafa er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum⁽⁵⁾ er kveðið á um að vernda beri áhættuhópa sem eru serlega viðkvæmir fyrir hættum sem stöðja einkum að þeim.

Börn og unglíngar hljóta að teljast sérstakir áhættuhópar og því ber að gera ráðstafanir til að vernda öryggi þeirra og heilsu.

Vegna þess hve varmarlaus börn eru ber aðildarríkjunum að banna vinnu þeirra og tryggja að börn og ungmenni, sem eru enn á skólaskylduáldri samkvæmt landslögum, séu ekki ráðin til vinnu og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára. Einungis má heimila undanþágur frá banni við vinnu barna í sérstökum tilvikum og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Hvað sem öðru líður mega slíkar undanþágur í engum tilvikum hafa skaðleg áhrif á skólagöngu barnanna eða koma í veg fyrir að þau getu nýtt sér hana til fullnustu.

⁽¹⁾ Stjóð. EB nr. C 84, 4. 4. 1992, bls. 7.

⁽²⁾ Stjóð. EB nr. C 313, 30. 11. 1992, bls. 70.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. desember 1992 (Stjóð. EB nr. C 21, 25. 1. 1993, bls. 167). Sameiginleg atvæða ráðsins frá 23. nóvember 1993 (hefur ekki enn dirst í Stjórnartíðindunum) og akvörðun Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (Stjóð. EB nr. C 91, 23. 3. 1994, bls. 89).

⁽⁴⁾ Stjóð. EB nr. C 190, 20. 7. 1987, bls. 44.

⁽⁵⁾ Stjóð. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

Með það umrót í huga sem fylgir því að breytast úr barni í fullþroska einstakling ber að fylgjast náið með vinnu unglunga á aldrinum 15 til 17 ára.

Sérhverjum vinnuveitanda ber að tryggja börnum og ungmennum vinnuskilyrði sem hæfa aldri þeirra.

Vinnuveitendum ber að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að vernda öryggi og heilsu barna og ungmenna á grundvelli mats á áhættu sem starfið getur skapað þeim.

Aðildarríkjunum ber að vernda börn og ungmenni gegn hverri þeirri áhættu sem ungur aldur þeirra og reynsiuleysi getur skapað þeim, eða grandvaraleysi þeirra gagnvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi.

Af þeim sökum ber aðildarríkjunum að banna að börn og ungmenni séu ráðin í þau störf sem eru tilgreind í þessari tilskipun.

Með því að samþykkja sérstakar lágmarkskröfur um skipulag vinnutíma má bæta vinnuskilyrði barna og ungmenna.

Setja skal strangar reglur um hámarksvinnutíma barna og ungmenna og bann við að þau stundi næturvinnu, að undanskildum últeknum störfum sem sérstaklega er kveðið á um í innlendra lögjöf eða stjórnsýslufyrirmælum.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir sem tryggja að atvinnuþáttaka unglunga á aldrinum 15 til 17 ára sem stunda skólanám hafi ekki skaðleg áhrif á námsástandun þeirra.

Þegar börn og ungmenni vinna hjá fyrirtæki, og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi, ber að líta á þann tíma sem námið tekur sem vinnutíma.

Til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og ungmenna ber þeim að fá lágmarkshvildartíma — dagiega, vikulega og á ársgrundvelli — og viðunandi hlé.

Hvað vikulegan hvildartíma varðar skal taka tilhlýðilegt tillit til ólíkrar menningar, þjóðernis, trúarbragða og annarra þátta í aðildarríkjunum. Þegar upp er staðið er það í verkahring nvers aðildarríkis um sig að ákveða hvort sunnudagar skuli teljast til vikulegs hvildartíma og þá í hve nkum mæli.

Hæfileg starfsreynsla af vinnumarkaði getur stuðlað að því markmiði að búa ungmenni undir líf og starf í samfélagi fullorðinna, að því tilskildu að tryggt sé að hún hafi ekki skaðleg áhrif á öryggi þeirra, heilsu og þroska.

Enda þótt nauðsynlegt geti reynst að heimila undanþágur frá últeknum ákvæðum og takmörkunum þessarar tilskipunar, í tengslum við ákveðna starfsemi eða sérstakar aðstæður, má ekki beita þeim á þann veg að það brjóti í bága við þær meginreglur sem liggja til grundvallar ákvæðum um verndun barna og ungmenna.

Með þessari tilskipun næst áþreifanlegur árangur í að koma félagslegum markmiðum innra markaðarins í framkvæmd.

Við útfærslu verndarkerfisins sem kveðið er á um í þessari tilskipun verða aðildarríkin að gera ráðstafanir sem skila árangri og eru við hæfi.

Framkvæmd sumra ákvæða þessarar tilskipunar skapar ákveðin vandamál í einu aðildarríkja að því er varðar ákvæði þess um vinnuvernd barna og ungmenna. Því ætti að heimila þessu aðildarríki að vika frá viðkomandi ákvæðum um hæfilegt skeið.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

1. gr.

Markmið

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegarráðstafanir til að banna vinnu barna.

Þau skulu sjá til þess, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að börn og ungmenni, sem eru enn á skólaskyldualdri samkvæmt landslögum, séu ekki ráðin til vinnu og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fylgst sé náið með vinnu unglunga á aldrinum 15 til 17 ára og þau vernduð samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

3. Aðildarríkin skulu almennt tryggja að vinnuveitendur skapi börnum og ungmennum vinnuskilyrði sem hæfa aldri þeirra.

Þau skulu tryggja að börn og ungmenni séu vernduð gegn arðráni og gegn hverri þeirri atvinnu sem getur skapað öryggi þeirra, heilbrigði eða líkamlegan, andlegan, siðferðilegan eða félagslegan þroska þeirra eða haft truflandi áhrif á menntun þeirra.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem hafa ráðningarsamning eða ráðningarkjör sem eru skilgreind í gildandi lögum aðildarríkis og/eða falla undir gildandi lög aðildarríkis.

2. Aðildarríki geta með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum kveðið á um að þessi tilskipun gildi ekki, innan þeirra takmarka og með þeim skilyrðum sem eru sett í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma, að því er varðar:

- a) heimilisaðstoð á einkaheimilum, eða
- b) vinnu, sem hvorki telst skaðleg né hættuleg börnum og ungmennum, í fjölskyldufyrirtæki.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „ungmennu“: einstaklingur undir 18 ára aldri sem um getur í 1. mgr. 2. gr.;
- b) „barn“: ungmenni sem er undir 15 ára aldri eða ungmenni sem er í fullu skyldunámi samkvæmt landslögum;
- c) „unglingur“: ungmenni sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í fullu skyldunámi samkvæmt landslögum;
- d) „starf af léttara tagi“: hvert það starf sem, vegna eðlis þeirra verkefna sem það felst í eða sérstakra aðstæðna við framkvæmd þeirra:
 - i) hefur ekki skaðleg áhrif á öryggi, heilbrigði eða þroska barna, og
 - ii) er ekki þess eðlis að það komi niður á skólagöngu þeirra, þátttöku þeirra í starfsleiðbeiningar- eða starfsmenuunaráætlunum, sem þar til bært yfirvald hefur viðurkennt, eða getu þeirra til að nýta sér ávinning þess náms sem þau hafa stundað;
- e) „vinnutími“: sá tími sem ungmenni er við störf, eða er vinnuveitanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við innlenda lög og/eða venju;
- f) „hvíldartími“: tími sem telst ekki til vinnutíma.

4. gr.

Bann við vinnu barna

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar aðstafir til að banna vinnu barna.
2. Með tilliti til markmiðanna sem fram koma í 1. gr., geta aðildarríkin með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum ákveðið að bann við vinnu barna gildi ekki um:

a) börn sem taka þátt í þeirri starfsemi sem kveðið er á um í 5. gr.;

b) börn sem hafa náð 14 ára aldri er vinna hjá fyrirtæki, og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi, enda fari slík vinna fram í samræmi við skilyrði sem þar til bært yfirvald setur;

c) börn sem hafa náð 14 ára aldri og stunda önnur störf af léttara tagi en þau sem fjallað er um í 5. gr.; 13 ára börn geta þó stundað önnur störf af léttara tagi en þau sem fjallað er um í 5. gr. í takmarkaðan stundafjölda á viku þegar um ákveðna verkefnaflokka, sem eru tilteknir í landslögum, er að ræða.

3. Aðildarríki sem nýta sér ákvæði c-liðar 2. mgr. skulu, með fyrirvara ákvæði þessarar tilskipunar, kveða á um vinnuskilyrði vegna umræddra starfa af léttara tagi.

5. gr.

Menningarstarfsemi og önnur áþekkt starfsemi

1. Einungis er heimilt að ráða börn til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum, íþrótta- eða auglýsingastarfsemi að fyrirfram hafi fengist leyfi til þess hjá lögbæru yfirvaldi í hverju einstöku tilviki um sig.

2. Aðildarríkin skulu með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum mæla fyrir um starfsskilyrði barna í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. og hvernig staðið skuli að fyrirframveitingu leyfis, enda sé þessi starfsemi:

- i) ekki líkleg til að hafa skaðleg áhrif á öryggi, heilbrigði eða þroska barna, og
- ii) ekki þess eðlis að hún komi niður á skólagöngu þeirra, þátttöku þeirra starfsleiðbeiningar- eða starfsmenuunaráætlunum, sem þar til bært yfirvald hefur viðurkennt, eða getu þeirra til að nýta sér ávinning þess náms sem þau hafa stundað.

3. Þrátt fyrir málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. geta aðildarríkin, með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, í samræmi við skilyrði sem þau setja, heimilað að ráða megi börn sem hafa náð 13 ára aldri til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum, íþrótta- eða auglýsingastarfsemi.

4. Aðildarríki sem hafa sérstakar reglur um starfsleyfi til handa fyrirsætuskristofum með tilliti til starfa barna geta látið þær reglur gilda áfram.

II. ÞÁTTUR

6. gr.

Almennar skyldur vinnuveitenda

1. Með fyrirvara um 1. mgr. 4. gr. skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafir til að tryggja öryggi og heilbrigði

barna og ungmenna, einkum með því að taka tillit til þeirra sérstöku áhættuþátta sem um getur í l. mgr. 7. gr.

2. Vinnuveitandinn skal gera ráðstafanirnar sem kveðið er á um í l. mgr. á grundvelli mats á áhættu sem starfið getur skapað börnum og ungmennum.

Matið verður að fara fram áður en börn eða ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar verða gerðar á starfsskilyrðum, en við það skulu eftirtalin atriði einkum skoðuð:

- a) innréttingar og búnaður vinnustaðar og verkstöðvar;
- b) eðli og umfang eðlis-, efna- og líffræðilegra áhrifavalda og hve langvarandi þeir eru;
- c) innréttingar, val og notkun á búnaði sem tengist starfinu, má þar nefna áhrifavalda ýmiss konar, vélar, tæki og áhöld og hvernig þau eru meðhöndluð;
- d) skipulag vinnuferla og vinnutilhögunar og samspilið milli þeirra (skipulag vinnunnar);
- e) hvernig börn og ungmenni eru þjálfuð og búin undir starfið.

Ef matið sýnir að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennanna er stofnað í hættu skal séð til þess að fram fari, með reglulegu millibili og þeim að kostnaðarlausu, viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmennanna, samanber þó tilskipun 89/391/EBE.

Ókeypis heilbrigðisskoðun og -eftirlit getur farið fram innan ramma innlenda heilbrigðiskerfisins.

3. Vinnuveitandinn skal kynna börnum og ungmennum hugsanlega áhættu og allar ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði.

Enn fremur ber honum að kynna foreldrum barna eða forráðamönnum hugsanlega áhættu og allar ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði.

4. Vinnuveitandinn skal gera ráð fyrir verndar- og fyrirbyggjandi þjónustu, eins og um getur í 7. gr. tilskipunar 89/391/EBE, við skipulagningu, framkvæmd og eftirlit með öryggis- og heilbrigðisskilyrðunum sem gilda í tengisum við vinnu barna og ungmenna.

7. gr.

Varnarleysi barna og ungmenna — Bann við vinnu

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að börn og ungmenni séu varnir fyrir öllum þeim hættum sem öryggi þeirra, heilsu og þroska er búin og rekja má til ungs aldurs þeirra og reynsluleysis, grandvaraleysis þeirra gagnvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi eða þess að þau hafa ekki náð fullum þroska.

2. Með fyrirvara um l. mgr. 4. gr. skulu aðildarríkin banna að börn og ungmenni séu ráðin til:

- a) vinnu sem er sammanlega ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra;
- b) vinnu sem felur í sér að þau verða fyrir áhrifum eiturfefna, krabbameinsvaldandi efna, efna sem geta valdið arigengum skaða á erfðaeftnum, efna sem geta valdið fósturskemmdum eða með öðrum hætti geta valdið mönnum varanlegu heilsutjóni;
- c) vinnu þar sem menn verða fyrir skaðlegri geislun;
- d) vinnu þar sem fyrir hendi er slyshætta sem gera má ráð fyrir að börn og ungmenni geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun; eða
- e) vinnu sem stofnar heilsu þeirra í hættu vegna mikils kulda eða hita, eða hávaða og titrings.

Vinna sem getur skapað sérstaka hættu fyrir börn og ungmenni í skilningi l. mgr. er meðal annars:

— vinna sem felur í sér að viðkomandi verði fyrir eðlis-, efna- og líffræðilegum áhrifavöldum sem um getur í l. lið viðaukans, og

— vinnsluferli og störf sem um getur í II. lið viðaukans.

3. Aðildarríkin geta með lögum eða stjórnsýslufyrirmæli um heimilað undanþágur frá 2. mgr., þegar um er að ræða unglinga og slíkar undanþágur eru óhjákvæmilegar vegna starfsnáms þeirra, að því tilskildu að öryggi þeirra og heilbrigði sé tryggt með því að láta vinnuna fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings í skilningi 7. gr. tilskipunar 89/391/EBE og að því tilskildu að sú vernd sem kveðið er á um í þeirri tilskipun sé tryggð.

III. ÞÁTTUR

8. gr.

Vinnutími

1. Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka vinnutíma barna við:

- a) átta stundir á dag og 40 stundir á viku ef í hlut eiga börn er vinna hjá fyrirtæki og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi;
- b) tvær stundir á skóladegi og 12 stundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma, að því tilskildu að þetta sé ekki bannað samkvæmt innviðri löggjöf og/eða venju; daglegur vinnutími má þó aldrei vera lengri en sjö stundir; þessi mörk má hækka í átta stundir ef í hlut eiga börn sem hafa náð 15 ára aldri;

- c) sjö stundir á dag og 35 stundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á minnst einni viku á tíma sem skólinn starfar ekki; þessi mörk má hækka í átta stundir á dag og 40 stundir á viku ef í hlut eiga börn sem hafa náð 15 ára aldri;
- d) sjö stundir á dag og 35 stundir á viku þegar um er að ræða vinnu af léttara tagi unna af börnum sem eru ekki lengur í skyldunámi samkvæmt landslögum.
2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegarráðstafanir til að takmarka vinnutíma unglinga við átta stundir á dag og 40 stundir á viku.
3. Þegar ungmenni vinnur hjá fyrirtæki, og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi, ber að líta á þann tíma sem námið tekur sem vinnutíma.
4. Ef ungmenni starfar hjá fleiri en einum vinnuveitanda skal miða við samanlagðan vinnudaga- og vinnustundiafjölda.
5. Aðildarríkin geta, með laga- eða stjórnsýsluákvæðum, heimilað undanþágur frá ákvæðum a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. í sérstökum tilvikum eða ef rétmætar ástæður leyfa.

Aðildarríkin skulu, með laga- eða stjórnsýsluákvæðum, ákveða skilyrði, takmörk og málsmeðferð við framkvæmd slíkra undanþágna.

9. gr.

Naturvinna

1. a) Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu barna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6.
- b) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu unglinga annaðhvort á tímabilinu frá kl. 22 til kl. 6 eða frá kl. 23 til kl. 7.
2. a) Aðildarríkin geta með laga- eða stjórnsýsluákvæðum heimilað vinnu unglinga á serstökum starfs- sviðum á þeim tíma sem naturvinna er bönnuð eins og um getur í b-lið 1. mgr.
- Þegar svo ber undir skulu aðildarríkin gera við- eiganði ráðstafanir og sjá til þess að fullorðinn einstaklingur nafi umsjón með unglíngnum ef þörf er á slíkri umsjón til verndar unglíngnum.
- b) Ef a-lið er beitt er vinna á tímabilinu frá kl. 24 til kl. 4 engu að síður bönnuð.

Þó geta aðildarríkin með lögum eða stjórnsýslufyrir- mælum í eftirfarandi tilvikum heimilað unglíngum að vinna á tímabilinu þar sem naturvinna er bönnuð, þegar til þess liggja rétmætar ástæður og að því tilskildi

að unglíngarnir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma og að markmið 1. gr. séu ekki dregin í efa:

- þegar um er að ræða vinnu við sjómennsku og fiskveiðar;
- þegar um er að ræða vinnu er tengist herþjónustu eða löggæslu;
- þegar um er að ræða vinnu á sjúkrahöfnunum eða sambærilegum stofnunum;
- þegar um er að ræða störf á sviði menningarmála, lista, íþróttar eða auglýsinga.

3. Unglíngar skulu, áður en þeir hefja naturvinnu og með reglulegu millibili eftir það, eiga rétt á heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni sinni, sér að kostnaðarlausu, nema þeir vinni einungis í undantekningartilvikum á þeim tíma sem vinna er bönnuð.

10. gr.

Hvíldartími

1. a) Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að börn fái minnst 14 stunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.
- b) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unglíngar fái minnst 12 stunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegarráðstafanir til að tryggja að á hverju sjö daga tímabili:

- fái börn, sem þau hafa látið ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. gilda um, og
- unglíngar

minnst tveggja daga hvíldartímabil, sem skal vera samfellt ef kostur er.

Ef slíkt er réttlæt看legt af tæknilegum eða skipulagsleg- um ástæðum er heimilt að stytta lágmarkshvíldartímann, en hann má aldrei vera styttri en 36 samfelldar stundir.

Lágmarkshvíldartímínn sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein skal að jafnaði taka til sunnudags.

3. Aðildarríkin geta með lögum og stjórnsýslufyrir- mælum sett ákvæði sem heimila að vikið sé frá lágmarkshvíd- artímanum sem um getur í 1. og 2. mgr. þegar um er að ræða vinnu sem skipuð niður í margar styttri vinnulotur eða er skipt upp yfir daginn.

4. Aðildarríkin geta með lögum og stjórnsýslufyrir- mælum veitt undanþágur frá b-lið 1. mgr. og 2. mgr. vegna unglínga í eftirfarandi tilvikum, þegar til þess liggja rétt- mætar ástæður og að því tilskildi að þeir fái hæfilezan uppbótarhvíldartíma og að markmið 1. gr. séu ekki dregin í efa:

- a) þegar um er að ræða vinnu við sjómennsku og fisk- veiðar;
- b) þegar um er að ræða vinnu er tengist herþjónustu eða löggæslu;
- c) þegar um er að ræða vinnu á sjúkrahöfnunum eða sam- bærilegum stofnunum;

- d) þegar um er að ræða störf á sviði landbúnaðar;
- e) þegar um er að ræða störf á sviði ferðamála eða í hótél- og veitingarekstri;
- f) þegar um er að ræða vinnu sem skipuð er í styttri vinnu- lotur yfir daginn.

11. gr.

Árlegur hvíldartími

Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu sjá til þess að börn og ungmenni, sem heyra undir innlend ákvæði um skólaskyldu í fullu námi, fái, að svo miklu leyti sem hægt er, samféllt frí frá vinnu einhvern tíma á meðan á skólafrí stendur.

12. gr.

Hlé

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að börn og ungmenni fái minnst 30 mínútna hlé, sem skal vera samféllt ef kostur er, ef daglegur vinnutími er lengri en fjórir og hálfur tími.

13. gr.

Vinna unglunga í óviðráðanlegum tilvikum

Aðildarríkin geta með lögum og stjórnáskilum veitt undanþágur frá ákvæðum 2. mgr. 8. gr., b-lið 1. mgr. 9. gr., b-lið 1. mgr. 10. gr. og að því er unglunga varðar frá ákvæðum 12. gr., ef um er að ræða vinnu við þær kringumstæður sem um getur í 4. mgr. 5. gr. í tilskipun 89/391/EBE, að því tilskildu að um sé að ræða tímabundna vinnu sem þeir enga bið, að ekki sé unnt að fá fullorðna starismenn og unglungarnir fái samsvarandi uppbótartími á næstu þremur vikum.

IV. ÞÁTTUR

14. gr.

Ráðstafanir

Hvert aðildarríki um sig ákveður til hvaða ráðstafa skuli gripa ef til þess kemur að ákvæði sem eru sett til framkvæmdar þessarar tilskipunar eru brotin; slíkar ráðstafanir verða að vera árangursríkar og í réttu hlutfalli við brotið.

15. gr.

Aðlögun viðaukans

Tæknuleg aðlögun viðaukans með tilliti til tækniframfar- a, breytinga á alþjóðlegum reglum eða forskriftum og aukinn- ar þekkingar á því sviði sem þessi tilskipun fjallar um skal fara fram í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

16. gr.

Ákvæði sem hefur ekki takmarkandi áhrif

Þrátt fyrir rétt aðildarríkjanna til að hafa mólandi áhrif á ýms ákvæði á sviði vinnuverndar barna og ungmenna, eft- ir því sem aðstæður breytast, getur framkvæmd þessarar tilskipunar ekki talist réttmætur grundvöllur fyrir því að dregið sé úr almennri vinnuvernd barna og ungmenna, enda sé lágmarkskröfum sem kveðið er á um í þessari tilskipun fullnægt.

17. gr.

Lokaákvæði

1. a) Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilum til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 22. júní 1996, eða fullvissa sig um að í síðasta lagi þann dag hafi aðilar vinnumarkað- arins með almennum samningum sett viðeigandi ákvæði. Enda ber aðildarríkjunum að gera nauð- synlegar ráðstafanir er gera þeim kleift að ábyrgjast að ákvæðum þessarar tilskipunar sé ætíð fullnægt.

- b) Breska konungsríkið getur þó látið vera að beita ákvæðum b-liðar 1. mgr. 8. gr., að því er varð- ar hámarksvinnutíma á viku, og einnig ákvæðum 2. mgr. 8. gr. og b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. í fjögur ár frá þeim degi sem er tilgreindur í a-lið.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu um áhrif þessa ákvæðis.

Ráðið ákveður, í samræmi við skilyrði sáttmálsins, hvort heimilt er að framlengja þetta tímabil.

- c) Aðildarríkin skulu tilkynna það framkvæmda- stjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa verið samþykkt eða verða samþykkt um málafni sem tilskipun þessi nær til.

4. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára frestu um eiginlega framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar þar sem fram koma sjónarmið aðila vinnumarkaðarins.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það Evrópuþinginu, ráð- inu og efnahags- og félagsmálanefndinni.

5. Framkvæmdastjórnin skal með reglulegu millibili leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og ið-
lagsmalanefndina um beitingu þessarar tilskipunar, að teknu
tilliti til 1., 2., 3. og 4. mgr.

Gjört í Brussel 22. júní 1994.

18. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Fyrir hönd ráðsins.

E. YIANNOPOULOS

forseti.

VIÐAUKI

Skrá sem er ekki tæmandi yfir áhrifavald, vinnsluferli og störf

(Önnur undirgrein 2. mgr. 7. gr.)

I. Áhrifavaldar

1. Eðlisfræðilegir áhrifavaldar

- a) Jónandi geislun.
- b) Vinna við háan loftþrýsting, t.d. í háþrýsklefum eða við köfun.

2. Líffræðilegir áhrifavaldar

- a) Líffræðilegir áhrifavaldar sem falla undir 3. og 4. flokk í skilningi d-liðar 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/679/EBE frá 26. nóvember 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavaldar á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)⁽¹⁾.

3. Efnifræðilegir áhrifavaldar

- a) Efni og efnablöndur sem eru flokkuð samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna⁽²⁾, með áorðnum breytingum, og tilskipun ráðsins 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum⁽³⁾ sem eitruð (T), mjög eitruð (Tx), ætandi (C) eða sprengifim (E).
- b) Efni og efnablöndur sem eru flokkuð samkvæmt tilskipunum 67/548/EBE og 88/379/EBE sem skaðleg (Xn) og sem hafa fengið eina eða fleiri af efturfarandi hættusetningum:
 - hættu á varanlegu heilsutjóni (H39),
 - getur valdið varanlegu heilsutjóni (H40),
 - getur valdið ofnæmi við innöndun (H42),
 - getur valdið ofnæmi í sneringu við húð (H43),
 - getur valdið krabbameini (H45),
 - getur valdið aríngengum skaða á erfiðæfni (H46),
 - hættu á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi áreitun (H48),
 - getur dregið úr frjósemi (H60),
 - getur haft skaðleg áhrif á fóstur (H61).
- c) Efni og efnablöndur sem eru flokkuð samkvæmt tilskipunum 67/548/EBE og 88/379/EBE sem erandi (Xi) og sem hafa fengið eina eða fleiri af efturfarandi hættusetningum:
 - gifurlega eiddfimi (H12),
 - getur valdið ofnæmi við innöndun (H42),
 - getur valdið ofnæmi í sneringu við húð (H43).
- d) Efni og efnablöndur sem um getur í c-lið 2. gr. í tilskipun ráðsins 90/394/EBE frá 28. júní 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)⁽⁴⁾.
- e) Blý og blýsamönd að svo miklu leyti sem mannslíkamann getur tekið upp þessa áhrifavaldar.
- f) Asbest.

⁽¹⁾ Stjuð. EB nr. L 374, 31. 12. 1990, bls. 1.⁽²⁾ Stjuð. EB nr. 196, 16. 8. 1967, bls. 1. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/679/EBE (Stjuð. EB nr. L 268, 29. 10. 1993, bls. 71).⁽³⁾ Stjuð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 14. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/18/EBE (Stjuð. EB nr. L 104, 29. 4. 1993, bls. 46).⁽⁴⁾ Stjuð. EB nr. L 196, 26. 7. 1990, bls. 1.

II. Vinnsluferli og störf

1. Vinnsluferli og störf sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/394/EEB.
 2. Vinna við framleiðslu og meðhöndlun veila, skotelda eða annarra hluta sem innhalda sprengiefni.
 3. Vinna með villt eða skaðvænleg dýr.
 4. Vinna við iðnaðarslátrun dýra.
 5. Störf sem felast í meðhöndlun búnaðar til framleiðslu, geymslu eða notkun á þjöppuðum, fljótandi eða uppleystum lofttegundum.
 6. Vinna við tanka, keróld, geyma eða flöskur sem innhalda efnafræðilega áhrifavalda eins og um getur í lið 1.3.
 7. Vinna sem felur í sér hættu á hruni.
 8. Vinna sem felur í sér hættu á háspennuafstraumi.
 9. Vinna sem er greidd sem ákvæðisvinna og þar sem vinnuhraði ákvarðast af vélbúnaði.
-

27. febrúar 1996

Fylgiskjal II.
Tillaga.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

1. gr.

59. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessa kafla gilda um vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Ákvæði kaflans gilda ekki um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma að því er varðar heimilisaðstoð á einkaheimilum eða vinnu í fjölskyldufyrirtækjum sem hvorki telst skaðleg né hættuleg ungmennum.

Ungmenni merkir í lögum þessum einstakling undir 18 ára aldri. Barn merkir í lögum þessum einstakling sem er undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi. Unglingur merkir í lögum þessum einstakling sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.

2. gr.

60. gr. laganna orðast svo:

Börn má ekki ráða til vinnu.

Heimilt er að víkja frá meginreglu 1. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

- a. Börn er heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþrótt- eða auglýsingastarfsemi. Hafi þau ekki náð 13 ára aldri skal aflað leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur.
- b. Heimilt er að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi og í samræmi við reglur sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur.
- c. Heimilt er að ráða börn sem náð hafa 14 ára aldri til starfa af léttara tagi. Börn, sem náð hafa 13 ára aldri, má ráða til starfa af léttara tagi í takmarkaðan stundafjölda á viku, svo sem létttra garðyrkju- og þjónustustarfa og annarra hliðstæðra starfa. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um hvað teljist störf af léttara tagi og við hvaða skilyrði þau skuli unnin.

3. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Unglinga er heimilt að ráða til vinnu með þeim takmörkunum sem greinir í kafla þessum.

4. gr.

62. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að ráða ungmenni til vinnu sem unnin er við eftirfarandi aðstæður:

- a. Vinnu sem talin er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra.
- b. Vinnu sem getur valdið varanlegu heilsutjóni.
- c. Vinnu þar sem hætta er á skaðlegri geislu.
- d. Vinnu þar sem fyrir hendi er slyshættu sem gera má ráð fyrir að börn og unglingar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun.
- e. Vinnu sem getur stofnað heilsu þeirra í hættu vegna mikils kulda, hita, hávaða eða

titrings.

Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði þegar það er nauðsynlegt vegna starfsnáms unglinga. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar.

5. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Virkur vinnutími barna, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., er takmarkaður með eftirfarandi hætti:

- a. Átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku ef vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.
- b. Tvær klukkustundir á skóladegi og 12 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma. Daglegur vinnutími má þó aldrei vera lengri en sjö klukkustundir. Þó má daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri vera átta klukkustundir.
- c. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á tíma sem skólinn starfar ekki. Daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri má þó vera átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.
- d. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu af léttara tagi sem unnin er af börnum sem eru ekki lengur í skyldunámi.

Virkur vinnutími unglinga er takmarkaður við átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.

Heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. greinar þessarar í sérstökum tilvikum eða ef réttmætar ástæður leyfa. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur reglur m.a. um skilyrði og takmörk vegna frávika samkvæmt málsgrein þessari.

Ef daglegur virkur vinnutími er lengri en fjórir tímar á barn og unglingur rétt á minnst 30 mínútna hléi á hverjum degi sem skal vera samfelld ef kostur er.

6. gr.

Við löggin bætist ný grein, 63. gr. a, er orðast svo:

Óheimilt er að láta börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., vinna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6. Óheimilt er að láta unglinga vinna á tímabilinu frá kl. 22 til kl. 6.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. másl. 1. mgr. þessarar greinar á sérstökum starfssviðum, enda skal fullorðinn einstaklingur hafa umsjón með unglingnum ef þörf er á slíkrri umsjón til verndar honum. Þó er óheimilt að láta ungling vinna á tímabilinu frá kl. 24 til kl. 4.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái hæfilegan uppbótartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrahúsum eða sambærilegum stofnunum og störf á sviði menningarmála, lista, íþróttar eða auglýsinga.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um frávík skv. 2. og 3. mgr.

Unglingar eiga, áður en þeir hefja næturvinnu og með reglulegu millibili eftir það, rétt á heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni sinni sér að kostnaðarlausu, nema þeir vinni einungis í undantekningartilvikum á þeim tíma sem vinna er bönnuð. Framkvæmd slíkrar skoðunar er á ábyrgð viðkomandi atvinnurekanda.

7. gr.

Við löggin bætist ný grein, 63. gr. b, er orðast svo:

Börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., skulu fá minnst 14 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring. Unglingar skulu fá minnst 12 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

Á hverju sjö daga tímabili skulu börn sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr. laga þessara og unglingar fá minnst tveggja daga hvíldartímabil sem skal vera samfelld

ef kostur er. Lágmarkshvildartími þessi skal að jafnaði taka til sunnudags.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. greinar þessarar þegar um er að ræða vinnu sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglíngarnir fái hæfilegan uppbótarhvildartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum, störf á sviði landbúnaðar, ferðamála eða í hótél- og veitingarekstri og vinnu sem er skipt upp yfir daginn.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um frávík skv. 2.-4. mgr.

8. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. c, er orðast svo:

Heimilt er í óviðráðanlegum tilvikum sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað að víkja frá ákvæðum laga þessara um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglínga að því tilskildu að um sé að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið, ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn til starfans og unglíngarnir fái samsvarandi uppbótarhvildartíma á næstu þremur vikum. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar.

9. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. d, er orðast svo:

Börn í skyldunámi, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., eiga rétt á að fá leyfi árlega einhvern tíma á meðan á skólafríi stendur.

10. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. e, er orðast svo:

Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði ungmenna með gerð mats á áhættu sem starf getur skapað þeim. Þetta mat skal fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum. Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmennanna þeim að kostnaðarlausu. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 22. september 1995 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem var falið að vinna að undirbúningi þess að Ísland geti framfylgt tilskipun ESB 94/33 um vinnuvernd barna og ungmenna en gefið íslenskum unglíngum áfram möguleika til atvinnuþátttöku. Í nefndinni sátu Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur, tilnefnd af Vinnueftirliti ríkisins, Guðmundur Stefánsson bóndi, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, Halldór Grönvold skrifstofustjóri, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuálagssambandinu, Linda Rós Michaelsdóttir kennari, tilnefnd af menntamálaráðuneyti, Ólöf Sigurðardóttir sérkennari, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, Ragnar Árnason lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, og Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Sesselja Árnadóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, vann með nefndinni við samningu frumvarps þessa.

Nefndin skilaði félagsmálaráðherra skýrslu sinni hinn 22. febrúar 1996. Í skýrslunni er fjallað um ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna og gerð grein fyrir ákvæðum í öðrum alþjóðasamningum sem snerta vinnu barna og ungmenna, en þeir eru eftirtaldir: Samþykkt ILO nr. 138 og tillaga nr. 146, um lágmarksaldur við vinnu, yfirlýsing allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá 20. nóvember 1959, samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá 1989, samningur Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 1976, yfirlýsing og framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um afkomu, vernd og þróun barna frá 1990, yfirlýsing þings Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 1995 um þróun félagsmála og félagsmálasáttmáli Evrópu frá 1961. Loks er fjallað í skýrslunni um ákvæði íslenskra laga og kjarasaminga sem snerta vinnu barna og unglunga

Jafnframt aflaði nefndin ýmissa gagna um vinnu barna og unglunga. Af þeim má draga þær ályktanir að vinna barna undir 13 ára í leyfum frá skólanámi fari minnkandi. Hún hefur fyrst og fremst takmarkast við blaðburð og barnagæslu. Sumarvinna barna eldri en 13 ára er almenn. Í yngri aldurshópunum takmarkast hún að verulegu leyti við þátttöku í vinnuskólum sveitarfélaga. Sjaldgæft er að börn yngri en 14 ára séu ráðin til almennra starfa á vinnumarkaði.

II.

Í niðurlagi skýrslunnar er greint frá tillögum nefndarinnar og eru þær eftirfarandi:

1. Samkvæmt 17. gr. tilskipunar ESB um vinnuvernd barna og ungmenna er heimilt að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd með tvennum hætti. Með lögum eða stjórnisýslufyrirmælum eða samningum aðila vinnumarkaðarins. Nefndin hefur fjallað um þetta atriði. Nefndin vekur athygli á því að ýmis frávík frá meginefni tilskipunarinnar eru háð heimildum í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum. Með hliðsjón af skipunarbréfi hennar hefur hún komist að þeirri niðurstöðu að breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 sé nauðsynleg þannig að hægt verði að nýta það svigrúm sem felst í tilskipuninni til að heimila unglingum hæfilega atvinnuþátttöku. Í ljósi þessa er það álit nefndarinnar að heppilegra sé að markmiðum tilskipunarinnar verði hrundið í framkvæmd með lögum og reglugerðum í stað þess að sett verði almenn lagaákvæði sem síðan verði útfærð í almennum kjarasamningum. Með þeim hætti er strax tekin efnisleg afstaða til ákvæða tilskipunarinnar og útilokuð hugsanleg óvissa sem gæti leitt af nánari framkvæmd á einstökum atriðum með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.
2. Nefndin telur ástæðu til að vekja athygli á ákvæði í 2. mgr. 32. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja. Samkvæmt ákvæðinu skulu aðildarríki samningsins gera ráðstafanir til að hrinda ákvæðum greinarinnar í framkvæmd, einkum með því að kveða á um lágmarksaldur eða aldursmörk til ráðningar í starf, en einnig með því að setja viðeigandi reglur um vinnutíma og vinnuskilyrði. Loks ber aðildarríkjum að mæla fyrir um viðeigandi refsingar eða önnur viðurlög til að tryggja virka framkvæmd.
3. Með hliðsjón af ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna leggur nefndin til breytingar á X. kafla laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Í skýrslunni er gerð grein fyrir breytingunum og eru þær útfærðar í formi frumvarps sem er fylgiskjal með henni.
4. Nefndin telur nauðsynlegt að ákvæði í kjarasamningum um vinnu ungmenna verði skoðuð með tilliti til reglna tilskipunar ESB.

Í þeim starfsgreinum, þar sem vinna barna og unglunga verður áfram heimil, er nauðsynlegt að meginefni tilskipunarinnar komi fram í viðkomandi kjarasamningi eða í þeim verði vísað til ákvæða gildandi laga og reglugerða. Við endurskoðun kjarasamninga verði reynt að tryggja með sem bestum hætti að ungmenni séu tryggð við vinnu sína eins og aðrir starfsmenn samkvæmt almennum skilmálum

um slysatryggingar launafólks.

5. Í skýrslu sinni setur nefndin fram ábendingar um breytingar á öðrum lögum, t.d. grunnskólalögum. Auk þess er vakin athygli á því að vera kunnir að breyta þurfi ákvæðum sjómannaalaga um lágmarksaldur við vinnu á skipum.

Þá mælir nefndin með því að kannað verði hvort unnt sé að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu og hvort Ísland geti undirgengist skuldbindingar samkvæmt ákvæðum 7. gr. félagsmálasáttmála Evrópu um vernd barna og ungmenna.

III.

Frumvarp þetta er í samræmi við tillögu nefndarinnar, sbr. 3. tölul. hér að framan. Helstu atriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Bannað verður að ráða börn til vinnu nema með nánar tilgreindum undantekningum.
2. Heimilt verður að ráða unglunga til vinnu.
3. Heimilt verður að ráða börn 14 og eldri til vinnu enda sé vinnan hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.
4. Heimilt verður að ráða börn 13 ára og eldri til að vinna störf af léttara tagi.
5. Sérstakar reglur gilda um vinnu barna sem tengist menningarstarfsemi, listviðburðum og íþrótt- eða auglýsingastarfsemi.
6. Skýrar reglur verða um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma barna og unglunga.
7. Kveðið er á um skyldur atvinnurekenda til að gera ráðstafanir sem tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglunga sem hjá þeim starfa.

Um einstaka efnisþætti er fjallað nánar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um gildissvið X. kafla laganna. Þær undanþágur, sem tilgreindar eru í 2. máls., eru grundvallaðar á 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Rétt er að taka fram að orðið „fjölskyldufyrirtæki“ er ekki til í íslensku lagamáli. Leitað var eftir upplýsingum hjá Evrópusambandinu um hvaða fyrirtæki teljist til þeirra, þ.e. „family undertaking“ samkvæmt enskum texta tilskipunarinnar. Samkvæmt upplýsingum þáðan er aðildarríkjunum látið það eftir að gefa orðinu inntak. Nefndin, sem samdi frumvarp þetta, gerir tillögu um að orðið verði skýrt með hliðsjón af vanhæfisreglum stjórnisýslulaga og réttarfaralaga. Orðið "fjölskyldufyrirtæki" mætti skýra þannig að það taki til rekstrar sem er að verulegum hluta í höndum einstaklinga eða einstaklings sem er skyldur eða mægður barni eða unglingi í beinan legg eða öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB gildir hún um alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem hafa ráðningarsamning eða ráðningarkjör (employment relationship) sem eru skilgreind í gildandi lögum aðildarríkis og/eða falla undir gildandi lög aðildarríkis. Vakin er athygli á að lagt er til að gildissvið X. kafla laganna verði víðtækara en gildissvið tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. eru skilgreind þau hugtök sem notuð eru í lögnum. Skilgreiningarnar eru efnislega samhljóða skilgreiningum í a-c. liðum 3. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er skýrt tekið fram að börn megi ekki ráða til vinnu, sbr. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Í tilskipuninni er tilgreint að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu barna. Hér er farin sú leið að nota það orðalag að ekki megi ráða börn til vinnu, en með því er skýrt hver bera skuli ábyrgð skv. 99. gr. laganna ef brotið er gegn lögnum, þ.e. atvinnurekandi.

Í 2. mgr. eru tilgreindar undanþágur frá banni við að ráða börn til vinnu. Þær

undanþágur eru sams konar og undanþágur sem tilgreindar eru í 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

Um vinnu þá, sem fjallað er um í a-lið 2. mgr., eru nánari ákvæði í 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Þar eru enn fremur fyriræli um starfsskilyrði barna í viðkomandi störfum og hvað hafa skuli við viðmiðunar þegar leyfi skv. a-lið 2. mgr. eru veitt.

Í c-lið 2. mgr. eru ekki tæmandi talin þau störf sem 13 ára börn mega vinna, en létt garðyrkju- og þjónustustörf eru nefnd í dæmaskyni. Gert er ráð fyrir að stjórn Vinnueftirlits ríkisins setji nánari reglur um framkvæmd b- og c-liða 2. mgr., m.a. um hvað teljist vera störf af léttara tagi. Þar til gilda m.a. leiðbeinandi skilgreiningar Vinnueftirlits ríkisins um hvað telja skuli létt störf.

Um 3. gr.

Eðlilegt þykir í framhaldi af ákvæði um vinnu barna að taka fram að almennt sé heimilt að ráða unglunga til vinnu. Þó er gerður sá fyrirvari að í þessum kafla laganna eru tilgreindar ákveðnar takmarkanir á vinnu unglunga.

Um 4. gr.

Greinin er grundvölluð á 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Þar er gert ráð fyrir að börn og unglingar séu varin fyrir öllum þeim hættum sem öryggi þeirra, heilsu og þroska eru búnar og rekja má til ungs aldurs þeirra og reynsluleysis, grandvaraleysis þeirra gagnvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi eða þess að þau hafa ekki náð fullum þroska.

Í 1. mgr. eru tilgreindar aðstæður þar sem ekki er talið eðlilegt að börn og unglingar vinni. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að víkja frá ákvæðum 1. mgr. þegar það er nauðsynlegt vegna starfsnáms unglunga, sbr. 3. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Þau skilyrði eru sett að öryggi þeirra og heilbrigði sé tryggt með því að láta vinnuna fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings, sbr. 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Jafnframt verður að tryggja að sú vernd, sem kveðið er á um í þeirri tilskipun, sé til staðar. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins er ætlað að setja nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um vinnutíma barna sem falla undir b- og c-liði 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins) og unglunga og er ákvæðið sams konar og 1., 2. og 5. mgr. 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Um er að ræða virkan vinnutíma, þ.e. þann tíma sem ungmenni er við störf eða er atvinnurekanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við lög og/eða venju. Virkur vikulegur dagvinnutími íslensks launafólks samkvæmt kjarasamningum er 37 stundir og 5 mínútur.

Þegar reiknaður er út samanlagður vinnutími ungmennis skal miða við að þegar vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi sé sá tími sem námið tekur talinn til vinnutíma. Ef ungmenni starfar hjá fleiri en einum atvinnurekanda skal miða við samanlagðan vinnudaga- og vinnustundafjölda.

Í 3. og 4. mgr. greinarinnar er um að ræða þrengingu frá þeim heimildum sem tilgreindar eru í 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Í 3. mgr. er heimiluð undanþága frá 2. mgr. í tilteknum tilfellum, en samkvæmt tilskipuninni er einnig heimilt að setja undanþágu vegna a-liðar 1. mgr. Ekki eru talin vera rök til að veita slíkar undanþágur þegar um börn er að ræða.

Í 4. mgr. er lagt til að réttur til að fá 30 mínútna hlé skapist þegar daglegur vinnutími er lengri en fjórir tímar, en samkvæmt tilskipuninni skapast slíkur réttur eftir fjóran og hálfan tíma. Eðlilegt þykir að miða frekar við fjóra tíma þar sem það

samræmist betur því sem almennt gerist á íslenskum vinnumarkaði.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjallað um hvernig háttá skal næturvinnu barna sem falla undir b- og c-liði 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins) og unglinga, sbr. 9. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Í 4. mgr. er tekið fram að heilbrigðissskoðun og athugun á vinnuhæfni unglings sem er ráðinn til að vinna í næturvinnu skuli vera honum að kostnaðarlausu. Atvinnurekandinn skal sjá til þess að slík skoðun fari fram.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um hvíldartíma barna sem falla undir b- og c-liði 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins) og unglinga. Ákvæðið er sams konar og 10. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að stjórn Vinnueftirlits ríkisins setji nánari reglur um frávik skv. 2.-4. mgr. greinarinnar. Um slík frávik getur t.d. verið að ræða þegar það er réttlætjanlegt af tæknilegum eða skipulagslegum ástæðum, sbr. ákvæði 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar.

Um 8. gr.

Í þessari grein er tilgreint að heimilt sé við ákveðnar kringumstæður að víkja frá ákvæðum laganna um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga. Skv. 13. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB er um að ræða vinnu sem um getur í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 89/391/EEC, en það ákvæði fjallar um svokölluð „force majeure“ tilvik. Ákvæði 4. mgr. 5. gr. hljóðar svo: „Tilskipun þessi skal ekki takmarka möguleika aðildarríkjanna til að létta ábyrgð af vinnuveitanda eða takmarka hana, sé orsaka atvika að leita í óvenjulegum og ófyrirsjáanlegum kringumstæðum sem vinnuveitandi fær ekki stjórnað, eða í atburðum er til undantekninga teljast og hafi ekki verið gerlegt að forðast afleiðingarnar þótt ýtrasta aðgát hafi verið sýnd.“ Skilyrði er að ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn og að unglingarnir fái samsvarandi uppbótartíma á næstu þremur vikum.

Um 9. gr.

Í ákvæði þessu er tekið fram að börn í fullu skyldunámi eigi rétt á að fá leyfi árlega einhvern tíma á meðan á skólafríi stendur. Í samræmi við 11. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB á ákvæðið ekki við um börn sem ráðin eru til vinnu skv. a-lið 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins). Tilskipunin gerir jafnframt ráð fyrir að börn skuli fá leyfi „að svo miklu leyti sem hægt er“, en sá fyrirvari er ekki tekinn upp í frumvarpið.

Um 10. gr.

Í greininni er tekið fram að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglinga með gerð mats á áhættu sem starf getur valdið þeim. Kveðið er á um að matið fari fram áður en börn eða unglingar hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar verða gerðar á starfsskilyrðum. Fyrirmæli þessi eru í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB, en sú grein fjallar um almennar skyldur atvinnurekanda. Í tilskipuninni er nánar kveðið á um hvaða atriði skulu einkum skoðuð. Rétt er talið að tilgreina þau í reglum sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur ásamt öðrum atriðum sem varða framkvæmd greinar þessarar.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

27.02.96. -
Fylgiskjal III.

Útdráttur úr könnun Guðbjargar Vilhjálmsdóttur starfsreynslu unglunga.

